



# kjarninn

15. útgáfa – 28. nóvember – vika 48

## VERÐUM AÐ ÞOLA AÐ EINHVER VERÐI RÍKUR

Brynjar Níelsson segir það vera glæp í augum margra að græða og tapa peningum

Alls ekki víst að hann muni styðja boðaðar skuldaniðurfellingar ríkisstjórnarinnar

Finnst eins og sumir gangi í Sjálfstæðisflokkinn vegna þess að hann sé gott vörumerki

# Efnisyfirlit

15. útgáfa  
28. nóvember 2013  
vika 48




## SJÁVARÚTVEGUR

Milljarða viðskipti  
Samherja í Noregi



## DÓMSMÁL

PWC greiddi  
hundruð milljóna



## DANMÖRK

Boltasnillingur í  
kröppum dansi



## KAMBÓDÍA

Þegar börn verða  
túristavara

## ÁLIT

„Ég lenti á spjalli um daginn. Svona rabbi um heimsósómann í skemmtilegu matarboði yfir kraftmiklum pottrétti og glasi af góðu rauðvíni“

Auður Jónsdóttir



VIDMÆLANDI VIKUNNAR Brynjar Níelsson þingmaður

## Vantar kjark og þor í íslensk stjórnsmál

## ÁLIT

„Það sem ég vissi um og fannst galið, tja, ég lét eins og ég vissi ekki af því“

Birgitta Jónsdóttir



## TÍSKA

Herraklæðnaður af  
hugsjón



## ÍÞRÓTTIR

Innrás NFL í Evrópu



## MATUR

Gerðu þitt eigið  
sælgæti



## TÓNLIST

Sub Pop lifir allar  
breytingar af



## TÓNLIST

Stormur Mono Town  
í aðsigi



## EINU SINNI VAR

Sundstöðum fjölgar  
í Reykjavík

## ÁLIT

„Fyrir fram má buást við að lög um þennan málaflokk séu sérstaklega skýr og aðgengileg, þar sem neytendur eiga væntanlega, og vonandi, eftir að lesa þau og kynna sér efni þeirra.“

Tómas Hrafn Sveinsson

## Árétting

Vegna fréttar Kjarnans um að Amgen segist ekki hafa sagt rangt frá í ársskýrslu sinni um kaup á gagnagrunni DeCode, sem birtist í síðustu viku, vill Kári Stefánsson, forstjóri DeCode, koma því á framfæri að Amgen hafi ekki keypt aðgengi að gagnagrunnum DeCode. Einungis vísindamenn DeCode hafi slíkt aðgengi og það er bundið ströngum skilyrðum vísindasiðanefndar og persónuverndar. Það hafi ekkert breyst við kaup Amgen á DeCode.

k

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík  
Sími 551-0708  
kjarninn@kjarninn.is  
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Þórður Snær Júlíusson  
Framkvæmdastjórn: Gísli Jóhann Eysteinnsson og Hjalti Hárðarson

Kjarninn miðlar ehf.  
gefa Kjarnann út.

**SMELLTU HÉR**  
og leyfðu þér smá Lottó!



# LJÓSADÝRÐ OG LOTTÓ!

Sexfaldur Lottópottur stefnir í  
60 skínandi milljónir.



30/11 2013 | WWW.LOTTO.IS



# Valhöll í tilvistarkreppu

Pórrður Snær Júlíusson  
ritstjóri Kjarnans



**E**f Sjálfstæðisflokkurinn væri fyrirtæki og nýr framkvæmdastjóri væri að taka við stjórnar- taumum þess í dag myndi hann vera verulega áhyggjufullur. Í síðustu tveimur alþingis- kosningum hefur flokkurinn beðið afhroð. Hann hefur misst mjög marga hundtrygga viðskiptavinum til annarra sem bjóða upp á vöru sem þeim líkar betur við. Þessi risi í íslenskri pólitík, sem hefur stært sig af því að vera breið- fylking ólíkra sjónarmiða borgaralega þenkjandi Íslendinga, hafði einungis einu sinni fengið undir 30 prósentu fylgi áður en hrúnið skall á. Það var árið 1987 þegar klofningsframboðið Borgaraflokkurinn fékk tæplega ellefu prósentu fylgi.

Í kosningunum 2009 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 23,7 prósentu fylgi. Það var versta niðurstaða hans frá upphafi. Eftir fjögurra ára stjórnarandstöðu við ríkisstjórn sem glímdi við mjög erfið verkefni, mikla ósamstöðu og, á endanum, gríðar- legar óvinsældir fékk flokkurinn samt einungis 26,7 prósentu fylgi í kosningunum í vor. Það er næstversta niðurstaða hans frá upphafi. Nýjar skoðanakannanir sýna ekki breytingar á þessari hnignun. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 26 til 27 prósentu fylgi jafnt á landsvísu sem og í Reykjavík.

Prófkjörið í Reykjavík um þarsíðustu helgi sýnir líka erfiðleikana. Einungis rúmlega 5.000 af þeim 20 þúsund sem mega kjósa tóku þátt í því. Einungis 1.800 þeirra vildu utanbæjarmanninn sem mun leiða listann í það hlutverk. Þrír miðaldra karlar mynda

forystusveitina. Ungum konum, sumum með mikla reynslu, var hafnað.

Gísli Marteinn Baldursson, fyrrverandi borgarfulltrúi flokksins til margra ára, sagði í Hisminu, hlaðvarpi á vegum Kjarnans, í síðustu viku að það væri eins og flokksmenn væru að bíða og vona að flokkurinn yrði aftur mjög vinsæll flokkur með 40 prósentu fylgi. Hann sái það hins vegar ekki gerast að óbreyttu.

Þetta er rétt mat hjá Gísla Marteini. Því myndi nýi framkvæmdastjórinn átta sig strax á. Staðan er þessi: flokkurinn nýtur yfir 40 prósentu hylli hjá kjósendum yfir 65 ára en undir 20 prósentu hylli hjá ungum kjósendum. Alvar- legast fyrir flokkinn er síðan að fólkið þar á milli verður sífellt meira afhuga Sjálfstæðisflokknum. Sá hópur, sem er með sífellt meiri menntun, er upplýstari og ætti samkvæmt formúlunni að vera mun móttækilegri fyrir frjálslyndri hugsun, finnur sig í æ minni mæli innan Sjálfstæðisflokksins. Hann vill frekar kjósa Besta flokkinn eða Bjarta framtíð. Kannanir síðustu vikna sýna að þessi hópur hallar sér meira að Samfylkingunni, þótt hún hafi reyndar fengið skelfilega niðurstöðu í síðustu kosningum.

Hinn borgaralega þenkjandi kjósendi dagsins í dag leggur áherslu á tækifæri einstaklingsins til að bæta stöðu sína í samfélagi manna. Hann horfir á sig í alþjóðlegu samhengi og sér að Ísland hinna gömlu meðala er ekki samkeppnishæft.

Hann sér að kaupmáttur launa er of lágur vegna ónýts gjaldmiðils og fjármagnshafa, að vextir eru allt of háir, að verðlag er fárán- legt sökum úr sér genginna verndartolla og að velferðarkerfið sem við höfum alltaf stært okkur af er hægt og rólega að molna. Hann sér að mýtan sem haldið hefur verið að honum um að íslenska krónan veiti sveigjan- leika til að jafna sig eftir áföll er bull. Þetta sér hann vegna þess að þrátt fyrir makríl, túrista og mjög lágt gengi hafa viðskiptakjör þjóðarinnar ekki verið verri frá árinu 1964. Hann kallar á að stjórn mála flokkar bjóði upp á einhverja alvöru valkosti. Hann sér þá valkosti ekki hjá Sjálfstæðisflokknum.

Kjósendur upplifa Sjálfstæðisflokkinn nefnilega ekki sem frjálslyndan flokk, sem er ótrúlegt vegna þess að fólkið sem er kosið til að leiða hann virðist vera nokkuð frjálslynt. Það virðist einfaldlega ekki geta sett mark sitt á stefnuna. Þar þvælast fyrir fyrirferðarmiklir og frekir svartstakka íhalds- menn sem virðast alltaf halda í valdataumana, óháð því hvort þeir hafa umboð flokksmanna til þess eður ei. Á bak við þá eru síðan vellauðugir sérhagsmunahópar sem eiga auð sinn undir því að ástandið haldist sem óbreyttast.

Gísli Marteinn kallaði eftir róttækum breytingum:

„Það þýðir ekki neitt einhverjar lýtaaðgerðir eða fegrunaraðgerðir á yfirborðinu. Þetta þarf að ná inn að hjarta flokksins.“ Þetta er rétt hjá honum. Ef Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að vera frjáls- lyndur flokkur þarf hann að fara að haga sér eins og slíkur. Ef hann ætlar sér að vera viðskotailt íhaldsafl er heiðarlegra að viðurkenna það og taka afleiðingunum. Þær verða nefnilega miklar. Ef Sjálfstæðisflokkurinn ræðst ekki í naflaskoðun mun hann enda eins og Morgunblaðið. Á hverju ári deyr fjöldi skjólstæðinga. Enginn nýr fæðist.




**LEIÐARI**  
Pórrður Snær  
Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

„Flokkurinn nýtur yfir 40 prósentu hylli hjá kjósendum yfir 65 ára en undir 20 prósentu hylli hjá ungum kjósendum.“

„Kjósendur upplifa Sjálfstæðisflokkinn nefnilega ekki sem frjálslyndan flokk, sem er ótrúlegt vegna þess að fólkið sem er kosið til að leiða hann virðist vera nokkuð frjálslynt.“

# GALLERÍ



## ORRI Dömu dúnúlpa

Okkar allra besta dúnúlpa hingað til,  
Hönnuð fyrir krefjandi íslenska veðráttu.

Tveir jakkar í einum

(Hægt er að smella dúnlóðni úr úlpunni)

Dúnn 90/10, 100% Nylon

5.000mm vatnsheldni

5.000gr útdúndun

Dúnúlpa sem er ómissandi  
fyrir alla þá sem gera kröfur



## Lifðu

**ZO•ON**  
ICELAND

ZO-ON Iceland, Factory Store Nýbýlavegi 6

ZO-ON Iceland, Kringlan

ZO-ON Iceland, Bankastræti

[www.zo-on.is](http://www.zo-on.is)



### **Þakið hrundi**

54 viðskiptavinir stórmarkaðar í úthverfi Ríga, höfuðborgar Lettlands, létust þegar þak byggingarinnar hrundi í nánast heilu lagi á fimmtudag í síðustu viku. Andris Berzins, forseti Lettlands, sagði slysið hafa verið af mannavöldum. „Við getum ekki kallað þetta náttúruhamfarir því náttúran átti engan þátt í slyinu. Þetta er okkar eigin hryllingur,“ sagði Berzins, sem vill að erlendir aðilar rannsaki orsök þess að þakið féll.

Mynd: AFP





**Tímamótasamkomulag**

Í írönskum dagblöðum á mánudag var greint frá samkomulagi Írana við stórveldin um framhald kjarnorkuframleiðslu í Íran sem undirritað var í Genf í Sviss á sunnudag. Flest blöðin kalla samkomulagið sögulegt og benda á skjótar framfarir eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Íran.

Mynd: AFP







### **Gríðarlegt verk fyrir höndum**

Filippseyinga bíður ofboðslegt verkefni þar sem fellibylurinn Haiyan fór yfir fyrir tveimur vikum. Heilu togararnir eru á þurru landi og rísa hæst þar sem heilu borgirnar hafa verið jafnaðar við jörðu. Sérfræðingar meta ástandið þannig að kostnaðurinn muni hlaupa á milljörðum dollara eigi að endurvekja samfélögin sem fengu veður af Haiyan. Ljóst er að slíkt verkefni mun taka mörg ár í framkvæmd.

Mynd: AFP





### Ferðast yfir eyðimörkina

Þessir menn leiða úlfalda sína yfir sandöldur Liwa-eyðimerkur í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, rúmum 200 kílómetrum vestur af Abu Dhabi. Í eyðimörkinni er nokkur byggð enda er þar að finna fjölmargar vinjar. Þar í kring eru fjölmörg þorp þar sem ræktuð eru döðlutré í stórum stíl. Mikill uppgangur hefur verið í ferðamennsku enda er það sú grein sem stjórnvöld í Mið-Austurlöndum reiða sig helst á, á meðan olíulindirnar rýrna.

Mynd: AFP





### Vilja í Evrópusambandið

Þessi úkraínska stúlka heldur á mótmælaspjaldi við mótmæli í Kænugarði á dögunum. Almenníngur í Úkraínu er æfur vegna þess að stjórnmöld hafa frestað undirritun samkomulags við Evrópusambandið sem átti að vera liður í leið Úkraínu inn í sambandið. Ráðamenn viðurkenndu hins vegar að stjórnmöld í Moskvu hefðu þrýst á Úkraínu um að skrifa ekki undir, en frá Rússlandi liggja meðal annars mikilvægar gaspípur til landsins.

Mynd: AFP



*„Kannski þarf að fórna einhverju þegar fólk er að fara út í sína stærstu fjárfestingu.“*

Skúli G. Ingvarsson  
Ráðgjafi hjá Arion banka



Greiðslumat



Lánamöguleikar



## ARION ÍBÚÐALÁSNIR

Allt um íbúðalán á hér

 Arion banki

# PwC borgaði sig frá dómsmáli Glitnis

**DÓMSMÁL**  
Þórður Snær Júlíusson  
thordur@kjarninn.is

**E**ndurskoðendafyrirtækið PricewaterhouseCoopers (PwC) greiddi þrotabúi Glitnis hundruð milljóna króna til að komast hjá málshöfðun sem hinn fallni banki hafði höfðað á hendur PwC á Íslandi og í Bretlandi. Fyrirtækið vill ekki upplýsa hversu há sú greiðsla var. Það vill slitastjórn Glitnis ekki heldur gera. Kjarninn hefur hins vegar heimildir fyrir því að hún hlaupi á milljónum dala, hundruðum milljóna króna. Auk þess féll PwC frá skaðabótamáli sem það hafði höfðað gegn slitastjórn Glitnis vegna málareksturs fyrir dómstóli í New York sem skilaði engu. Þar fór PwC fram á rúmar 82 milljónir króna í skaðabætur.

## NEW YORK-MÁLIÐ

Glitnir höfðaði á sínum tíma mál á hendur PwC, fyrirverandi endurskoðendum bankans, fyrir dómstólum í New York. Í tilkynningu um þá málshöfðun frá því í maí 2010, sem náði líka til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Lárusar Welding, Þorsteins M. Jónssonar, Jóns Sigurðssonar, Pálma Haraldssonar, Hannesar Smárásonar og Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur, kom fram að að PwC hefði gert úttektir og gefið út yfirlýsingar sem fjárfestar treystu á þegar skuldabréf Glitnis voru boðin út í New York

í september 2007. Þar sagði einnig að PwC hefði greitt fyrir og tekið þátt í „að dylja þau svíksamlegu viðskipti sem Jón Ásgeir og félagar komu í kring og sem að endingu leiddu til falls bankans í október 2008“. Jón Ásgeir og félagar áttu að hafa haft, með ólögætum hætti, tvo milljarða dala af Glitni. Á endanum var málinu vísað frá þar sem það þótti ekki eiga heima fyrir bandarískum dómstólum.

Málin sem nú var samið um að láta niður falla eru afleiðing af þessari niðurstöðu í New York.

Tilkynnt var að slitastjórn Glitnis og PwC hefðu náð samkomulagi um að fella niður allar kröfur og gagnkröfur milli aðilanna í tveimur dómsmálum þeirra á milli sem rekin voru fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Sérstaklega var tekið fram að samkomulagið hefði verið gert „án viðurkenningar sakar“. Þetta er vel þekkt orðalag í slíkum sáttagerðum víða erlendis en ákveðin nýlunda hérlandis. Samkvæmt heimildum Kjarnans fólst þó í samkomulaginu, eins og áður segir, að PwC greiddi þrotabúinubætur. Það gerði fyrirtækið þótt það viðurkenni ekki að það hafi gert nokkuð rangt.

### Sáttin „viðunandi“

Haft var eftir Steinunni Guðbjartsdóttur, formanni slitastjórnar Glitnis, í sameiginlegri tilkynningu vegna samkomulagsins að „sú niðurstaða sem sáttin færir Glitni sé viðunandi eftir atvikum og því féllumst við á að leysa málin á þeim grundvelli“. Á sama stað var haft eftir Friðgeiri Sigurðssyni, framkvæmdastjóra PwC, að „sátt í þessum ágreiningsmálum er eina skynsamlega niðurstaðan. Þar með verður komið í veg fyrir ófyrirsjáanlegan kostnað af áframhaldandi málarekstri og soun á tíma stjórnenda“.

Kjarninn hafði samband við Friðgeir Sigurðsson og óskaði eftir upplýsingum um nákvæmlega hversu háa upphæð fyrirtækið hefði greitt til þrotabús Glitnis til að ljúka málshöfðunum. Enn fremur var óskað eftir upplýsingum um hvort það hefði verið PwC á Íslandi eða í Bretlandi sem hefði innt þá greiðslu



### Féll frá málshöfðun

Í stefnu Glitnis, sem nú hefur verið fallið frá, voru sérstaklega tilgreind fimm atriði þar sem PwC átti að hafa brotið gegn lög- og samningsbundnum skyldum sínum.

af hendi. Í svari Friðgeirs kom fram að aðilar samkomulagsins hefðu skuldbundið sig til að halda trúnað um innihald samkomulagsins. PwC myndi því ekki tjá sig frekar um málið.

### Töldu PwC hafa brotið gróflega gegn skyldum sínum

Málið sem Glitnir hafði höfðað gegn PwC var ekkert smámál. Í stefnu þess, sem birt var í mars 2012 og hægt er að lesa hér til hliðar, eru sérstaklega tilgreind fimm atriði þar sem PwC á að hafa brotið gegn lög- og samningsbundnum skyldum sínum. Í fyrsta lagi hafi PwC ekki upplýst að stjórnendur Glitnis hafi veitt útlán til innbyrðis tengdra aðila langt umram leyfileg háþörm, í öðru lagi leynt útlánaáættu bankans til aðila sem töldust tengdir, í þriðja lagi veitt stórfelld útlán til fjárvana eignarhaldsfélaga, í fjórða lagi vanrækt afskriftarskyldu sína og í fimmta lagi vanrækt að upplýsa um þá gríðarlega miklu fjárhagslegu hagsmuni sem bankinn var með í eigin bréfum með þeim afleiðingum að eigið fé hans var verulega of hátt skráð.





Smelltu til að sjá  
stefnu slitastjórnar  
Glitnis á hendur PwC  
frá því í mars 2012

Lögmaður Glitnis í málinu vitnaði mikið til þess í stefnunni að Fjármálaeftirlitið hefði gert athugasemdir við PwC á árunum 2007 og 2008 vegna þess að ekki hefði verið gerð „fullnægjandi grein fyrir viðskiptum venslaðra aðila við bankann. Til þess flokks féllu félög sem Jón Ásgeir Jóhannesson stjórnaði“. Er þar vísað til Baugs, FL Group og aðila sem tengdust þeim samsteypum.

Í stefnunni segir að viðvarandi útlánaáhætta umfram lögbundin mörk og nýjar lánveitingar til stærstu eigenda sinna hafi aukið „fjártjónshættu bankans sem síðan varð raunveruleg. Við gjaldþrot Baugs Group í mars 2009 tapaði bankinn u.þ.b. 36 milljörðum króna[...]FL Group gerði nauðasamninga við sína lánadrottna til að forða gjaldþroti félagsins og varð bankinn að gefa eftir kröfur sem námu ríflega 50 milljörðum króna[...]Verður a.m.k. hluti þess fjártjóns m.a. rakið til bótaskyldrar háttsemi stjórnar bankans og stefnda PwC“.


Þá segir að Glitnir hafi í raun átt 2,8 milljarða hluta í sjálfum sér í árslok 2007, eða 21,43% af öllu hlutafé hans, þrátt fyrir að reikningar bankans hafi sýnt að eigin hlutir bankans hafi einungis verið 151 milljón talsins. Látst hafi að telja með hluta-bréf sem voru seld í lok árs 2007 með annaðhvort einvörðungu veði í bréfunum sjálfum eða í framvirkum samningum með eigin bréfum. Því hafi „vantalin eigin bréf og áhætta bundin við eigin bréf [numið] tugum milljarða króna í árslok 2007“.



FRÍTT



kjarninn



Áttu iPad eða iPhone?  
Sæktu þér Kjarna-appið og  
upplifðu Kjarnann í sínum  
náttúrulegu heimkynnum



# Boltašnillingur á blankskóm

**DANMÖRK**

Borgþór Arngrímsson

# Á

sínum tíma var hann einn dádasti knattspyrnumaður í Evrópu. Árum saman einn besti og vinsælasti leikmaðurinn í þýsku úrvalsdeildinni þar sem hann lék andstæðingana upp úr skónum og skoraði 76 mörk fyrir lið sitt Borussia Mönchengladbach. Lék um þriggja ára skeið með Barcelona, skoraði þar 31 mark. Knattspyrnumaður ársins í Evrópu 1977, þjóðhetja í heimalandinu Danmörku.

Kallaður Spörfuglinn frá Vejle, 165 sentimetrar og 57 kíló, á sokkaleistunum. Nú er hann á allra Dana vörum, að þessu sinni á blankskóm með hæl.



Undanfarin ár hefur verið fremur hljótt um Allan Simonsen enda knattspyrnuferillinn glæsti löngu að baki. Danska þjóðin sperrir þó alltaf eyrun þegar nafn hans heyrir nefnt og fyrir nokkrum vikum komst hann skyndilega í fréttirnar og síðan hafa ekki margir Danir verið meira umtalaðir í heimalandinu, að stjórnmaláamönnunum kannski frátöldum.

## Plataður í „Vild med dans“

Umtalið tengist sem forðum fótum og fótaborði fótbolta-stjórnunnar fyrrverandi, sem eftir nokkra daga heldur upp á 61 árs afmælið. Hann lét (eins og hann segir sjálfur) plata sig til að taka þátt í danskeppninni Vild med dans, sem sjónvarpsstöðin TV2 sýnir. Þessi keppni fer nú fram í tíunda sinn í Danmörku. Tólf pör hefja keppnina og í hverri viku dettur eitt par út og þegar kemur að úrslitakvöldinu standa tvö pör eftir. Annar dansaranna í hverju pari er vanur dansari, jafnvel atvinnumaður í faginu, og svo reynir TV2-sjónvarpsstöðin ætíð að fá þekkt einstaklinga úr þjóðlífinu til þátttöku. Að þessu sinni var Allan Simonsen, eins og áður sagði, einn þeirra sem létu til leiðast að vera með og dansfélagi hans var Sofie Kruse, 37 ára dansari og danskennari. Strax á fyrsta keppniskvöldi kom í ljós að hæfileikar knattspyrnusnillingsins voru ekki þeir sömu á dansgólfinu og forðum á sparkvellingum; öfugt við það sem Allan Simonsen átti að venjast á takkaskónum var hann að allra mati sá langlélegasti á blankskónum.

## Almenningur tryggir Allan áfram

Stigagjöfin í Vild med dans fer þannig fram að fjórir dómarar dæma dansarana og gefa einkunn. Meðal dómaranna eru Nikolaj Hübbe, listrænn stjórnandi Konunglega danska ballettsins, og Anne Laxholm, þekktur danskennari og fyrrverandi dansari sem vann til fjölda verðlauna á dansferli sínum. Atkvæði dómaranna vega samanlagt fimmtíu prósent á móti atkvæðum fólks „heima í stofu“ sem greiðir atkvæði símléiðis með SMS. Það sem skipuleggjendur keppinnar höfðu hins vegar ekki áttað



Sjáðu Allan Simonsen dansa í Vild med dans





### Simonsen með Barcelona

Allan Rodenkam Simonsen er fæddur í Vejle á Jótlandi 15. desember 1952. Hann lék 55 landsleiki á árunum 1972–1986 og skoraði í þeim leikjum 20 mörk. Hann er tvígiftur og á fjórar dætur. Býr nú einn, í Fredericia á Jótlandi.

sig á fyrir fram var hve mikillar hylli Allan Simonsen nýtur meðal almennings í Danmörku.

Hann hefur á hverju föstudagskvöldi sópað til sín atkvæðum almennings, sem þannig hefur tryggt honum áframhaldandi þátttöku. Þegar þetta hafði gengið svona til sjö vikur í röð voru farnar að renna tvær grímur á stjórnendur keppinnar. Var skandall í uppsiglingu, var hugsanlegt að lélegasti dansarinn yrði kannski sigurvegari keppinnar? Slík úrslit yrðu algjörlega á skjön við hugmyndir skipuleggjandanna hjá TV2, sem segja keppninni ætlað að finna besta dansparið. Almennigur lítur þetta ekki sömu augum; Vild með dans sé fyrst og fremst skemmtun en ekki keppni. Við styðjum okkar mann, alveg sama hvað dómaraelítan segir, sögðu stuðningsmenn Allans, sem sökuðu forsvarsmenn keppinnar um að vilja losna við Allan og Sofie.

### Breyttu reglunum eftir á

Fyrir áttunda keppniskvöldið breytti TV2 skyndilega kosningareglunum; nú mátti einungis kjósa fimm sinnum úr sama símanum (var áður ótakmarkað) og enn fremur var



## VILD MEÐ DANS

Vild með dans byrjaði í Danmörku árið 2005 en fyrirmyndin er bresk frá árinu 1949, hét þá Come Dancing. Að jafnaði horfa 1,2 milljónir Dana á hvern þátt. Þættirnir eru yfirleitt tólf á hverju ári, sendir út í september, október og nóvember.

valnúmerakerfinu breytt. Forsvarsmenn keppinnar sögðu að þetta væri gert til að tryggja að þeir greiddu atkvæði sem horfðu á þáttinn. Stuðningsmenn Allans sögðu aftur á móti að þetta væri lúalegt bragð TV2, sem ætlaði sér að bola Allan og Sofie út.

Þau komust eigi að síður áfram en síðastliðið föstudagskvöld, 22. nóvember, voru einungis þrjú pör eftir í keppinni og þá gerðist það að þau Allan Simonsen og Sofie Kruse duttu út. Í viðtali strax eftir keppnina sagði Allan að þótt það væri alltaf sárt að tapa væri hann mjög sáttur við sinn hlut. Það gildi þó ekki um alla stuðningsmenn hans; þeir voru ævareidir og heimtuðu að TV2 gerði gögn um síma- kosninguna opinber. Þeirri kröfu hafnaði TV2 og sagði það ekki hafa tíðkast. Upp úr sauð þó fyrir alvöru þegar í ljós kom að vegna bilunar í búnaði eins símafyrirtækisins komust ekki nándar nærri öll atkvæði almennings til skila og þegar kynnir keppinnar tilkynnti að Allan og Sofie væru dottin út úr keppinni voru fjölmörg SMS (enginn veit hve mörg) einhvers staðar stopp í stífluðu símakerfinu.

## Vild með Allan sætta sig ekki við „Allangate“

Forsvarsmenn TV2 sögðust harma að bilun hefði orðið í símakerfinu en það breytti hins vegar engu um það að nú væru einungis tvö pör eftir og Allan og Sofie væru ekki annað þeirra.

Þessi viðbrögð voru eins og olíu væri hellt á eld. Stuðningsmenn Allans (sem kalla sig Vild með Allan) sögðust ekki sætta sig við þetta „Allangate“ eins og þeir nefndu það og hafa nú kært TV2 til lögreglu fyrir það að hagræða úrslitum. Sú kæra var lögð fram í byrjun þessarar viku og ekki er vitað hvert framhaldið verður.

Spörfuglinn frá Vejle hefur hins vegar sannarlega minnt á sig og kannski ekki sungið sitt síðasta vers.



# Milljarðasala Samherja í Noregi

## SJÁVARÚTVEGUR

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)



Smelltu til að lesa um  
REM Offshore



Smelltu til að lesa  
afkomutilkynningu  
Samherja

**Ú**tgerðarfyrirtækið Samherji, í gegnum dótturfélag sitt Krossanes ehf., seldi í byrjun vikunnar hluti sína í skipa- og þjónustufélaginu REM Offshore sem er skráð á markað í Noregi. Söluandvirði bréfanna sem voru seld nemur 3,6 milljörðum króna en tilkynnt var um söluna með tilkynningum til kauphallar 22. nóvember síðastliðinn og 26. nóvember. Samtals seldi Krossanes 16,2 prósentu hlut í tveimur viðskiptum.

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri og einn aðaleigenda Samherja, segir að viðskiptin hafi farið fram á grundvelli samkomulags við hluta af eigendum REM. Um langt skeið hafa verið deilur í hluthafahópi félagsins en Krossanes ehf. eða Samherji hafa ekki átt aðild að þeim deilum.

„Það var gert samkomulag fyrir um tveimur árum um að aðaleigandinn hefði rétt á því að kaupa þessi bréf ef ekki tækist að leysa úr deilum sem voru í hluthafahópnum. Það hefur ekki gengið og því varð úr að við seldum þessi bréf,“ sagði Þorsteinn Már í samtali við Kjarnann. Hann sagði að sátt hefði verið um þessa gjörð og hann myndi áfram eiga sæti í stjórn félagsins.

## Góður rekstur

Hagnaður Samherja á síðasta ári nam 97,8 milljónum evra, um 16 milljörðum króna. Það nemur um 18 prósentum af veltu félagsins. Hagnaðurinn árið 2001 nam um 8,8 milljörðum króna. Á milli ári jókst hagnaðurinn því um næstum 80 prósent í krónum talið.

Inn í afkomu félagsins fyrir árið í fyrra var meðal annars bókaður söluhagnaður upp á 1,6 milljarða króna vegna sölu á fjölveiðiskipinu Geysi sem var í eigu dótturfélagsins Polaris Seafood ehf. Á þessu ári hefur samstæða Samherja selt eignir sem tengjast útgerð við strendur Afríku. Meðal annars hafa verið seld þrjú stór fjölveiðiskip, tvö þjónustuskip, skrifstofu-bygging, vöruhús og vörumerkið Katla Seafood. Samkvæmt tilkynningu frá Samherja vegna rekstrarársins í fyrra nemur hagnaður vegna þessarar sölu 5,4 milljörðum króna.

# BÆTIR, HRESSIR, KÆTIR!



„Hvað eftir annað skellir  
lesandinn upp úr.“

REYNIR TRAUSTASON, DV

„Bráðsmellin bók fyrir alla.“

JÓN AÐALSTEINN  
BERGSVEINSSON,  
VIÐSKIPTAÐLAÐINU

Guðni Ágústsson fer á kostum í sögum af sjálfum sér og öðrum – og þjóðþekktir menn rifja upp litríkar sögur af Guðna. Sannkallaður lífsins elixir sem bætir, hressir og kætir. Skemmtilegasta bók ársins!

**2. prentun**  
Komin í verslanir!



# LEGGUR SPILIN Á BORÐIÐ!




Í þessari áhugaverðu og opin-  
skáu bók hlífir Steingrímur J.  
Sigfússon hvorki sjálfum sér né  
öðrum. Ísland reist úr rústum  
hrunsins. Dramatísk átök á bak  
við tjöldin. Einstök innsýn í heim

íslenskra stjórn mála. Gerir upp hitamál síðustu  
ára. Þungbærar deilur við samherja. Björn Þór  
Sigbjörnsson blaðamaður skráir.



„Gott inlegg í  
naúsynlegt mat á  
atburðum liðinna ára.“  
HEIMIR MÁR PÉTURSSON,  
FRETTLAÐIÐ





# Stormurinn loksins í aðsigi

Fyrsta plata hinnar íslensku Mono Town, *In the Eye of the Storm*, er væntanleg í janúar, en platan hefur verið í á þriðja ár í smíðum. Hún verður eingöngu aðgengileg á netinu.



Deildu með  
umheiminum



## TÓNLIST

Ægir Þór Eysteinnsson  
aegir@kjarninn.is



Smelltu til að heimsækja  
vefsíðu Mono Town

**F**yrstu plötu íslensku hljómsveitarinnar Mono Town hefur verið beðið með nokkurri eftirvæningu í á annað ár. Platan, sem hefur hlotið nafnið *In the Eye of the Storm*, hefur bæði verið lengi í smíðum og svo hefur gerð hennar tekið marga snúninga og beygjur í framleiðsluferlinu.

En sveitin hefur ekki legið með tærnar upp í loft, heldur verið dugleg við að spila á tónleikum og halda sér í æfingu. Hljómsveitin tróð til að mynda upp á *All Tomorrow's Parties* á Ásbrú og *Airwaves*-tónlistarhátíðinni, og er nýkomin úr stuttri tónleikaferð um Norðurlöndin með *Pixies*, rokk-hljómsveitinni goðsagnakenndu.

Mono Town skipa þeir Bjarki Sigurðsson og bræðurnir Daði og Börkur Hrafn Birgissynir. Bjarki gaf út plötuna *Good Morning, Mr. Evening* árið 2007 undir nafninu B. Sig, en Daði og Börkur hafa getið sér gott orð fyrir hljóðfæraleik hér á landi og voru áður í fönkhljómsveitinni Jagúar sællar minningar.

„Daði og Börkur spiluðu með mér á tónleikum þegar ég var að fylgja plötunni minni eftir og samstarfið endaði auðvitað á því að við vorum bara orðnir fantagott band,“ segir Bjarki. „Við sömdum síðan nokkur lög saman, ætli þau hefðu ekki dugað í eina og hálfu plötu, en svo varð ekkert meira úr því og við lögðumst undir feld.“

Það var svo fyrir tilstuðlan Bjarka að þremmenningarnir komu saman aftur um það bil ári síðar gagnert til þess að stíga loks skrefið til fulls og setja saman plötu. „Ég hringdi einfaldlega í þá og sagði þeim að ég vildi allavega gera eins og eina plötu, og sagði þeim að ég myndi gera það með eða án þeirra. Helst með samt.“

### Vildu finna sinn eigin hljóm

Við tók tímafrek vinna Mono Town að fínþússa lagasmíðarnar og ekki síst finna tón hljómsveitarinnar. „Við veltum lengi fyrir okkur hvers konar plötu við vildum búa til. Við vildum ekki búa til týpíska rokkplötu, eða melódíska blúsplötu eins og B. Sig var að gera, heldur finna okkar eigin hljóm og



### Í hljóðverinu

Liðsmenn Mono Town hlýða á upptökur á strengja-útsetningum í Angels-hljóðverinu í London.

ekkert endilega elta einhverjar stefnur. Við hentum meira að segja út efni sem okkur fannst líkjast öðrum böndum því okkur langaði að finna okkar eigin tón," segir Bjarki.

Upptökur á fyrstu plötu Mono Town hófust svo fyrir alvöru á vordögum árið 2009, en þær fóru fram í Stúdíó Sýrlandi og í upptökuveri á Eiðistorgi. Bjarki segir þær hafa gengið vel frá upphafi. „Á einhverjum tímamarki fórum við að segja við sjálfa okkur: Hey, við erum með athyglisvert efni hérna í höndunum. Efni sem við erum stoltir af og höfum trú á og nú skulum við bara reyna að láta drauminn rætast og fá þá bestu í bransanum til liðs við okkur.“

### Til London og New York

Hljómsveitin setti þá saman lista með nöfnum á þekktum og minna þekktum fagmönnum úti í hinum stóra heimi

sem hún hafði áhuga á að vinna með. „Við erum að tala um fólk sem gerir ekkert annað en að vinna í tónlist, með þekktustu hljómsveitunum, á bestu græjurnar og hefur bestu þekkinguna og mestu kunnáttuna sem er það mikilvægasta,“ segir Bjarki.

Eftir töluvert hark komst sveitin í samband við Simon nokkurn Hale. Sá hafði þá nýverið unnið Bafta-verðlaunin fyrir tónlistarútsetningar í tölvuleik og leist vel á að vinna með lítt þekktri hljómsveit frá Íslandi. „Við vildum fá hann til að útsetja strengina fyrir plötuna. Sem betur fer hafði hann bæði mikinn áhuga á verkefninu og sýndi því skilning að við værum frá litla Íslandi og ekki með miklar fúlgur á milli handanna.“

Simon Hale tók við upptökum að ellefu lögum sem tekin voru upp á Íslandi. „Við vorum búnir að grófsemja strengjaútsetningarnar og höfðum raulað þær og jafnvel spilað inn á upptökurnar með öðrum hljóðfærum. Simon lagaði þær til og betrubætti og pantaði sextán manna strengjasveit og Angels-hljóðverið í London. Því næst tók hann sér stöðu fyrir framan sveitina, eins og alvöru stjórnanda sæmir, og tók upp strengjaútsetningar fyrir öll lögina á einum degi. Held að hann hafi eytt að meðaltali 45 mínútum í hvert lag. Það var ótrúlegt að fylgjast með þessu,“ segir Bjarki.

## **Fengu trixin sem Coldplay átti að fá**

Skömmu síðar hélt Mono Town til New York til að klára plötuna sína. Frumraun sveitarinnar var hljóðblönduð í Electric Lady-upptökuverinu í Greenwich Village sem gítar-göðsögnin Jimi Hendrix kom á fót ásamt umboðsmanninum sínum árið 1970. Þar hafa listamenn á borð við John Lennon, Bob Dylan, Kiss og AC/DC stundað list sína.

Hljómsveitin tryggði sér starfskrafta Grammy-verðlaunahafans Michael H. Brauer, sem er vel þekktur upptöku-stjóri í tónlistarbransanum og hefur unnið með mörgum af þekktustu hljómsveitum samtímans. „Ég held að hann hafi hljóðblandað allar Coldplay-plöturnar nema þá síðustu. Hann var helvíti skúffaður yfir því að þeir skyldu ekki fá hann til



Smelltu til að  
heimsækja vefsíðu  
umboðsteymisins

að hljóðblanda hana, því hann hafði undirbúið sig vel. Hann sagði okkur að hann ætlaði þá bara að nota öll trixin sem Coldplay átti að fá á okkar plötu," segir Bjarki.

## Keyptu sér tekjublaðið og hringdu í ríka

Hljóðvinnslu við In the Eye of the Storm lauk haustið 2012, þannig að platan hefur í raun beðið tilbúin síðan. Eins og ofangreint gefur til kynna hefur ferlið verið afar kostnaðarsamt, en hljómsveitin brá á heldur óvenjulegt ráð til að fjármagna verkefnið. „Við keyptum tekjublað Frjálsrar verslunar árið 2011, þar sem var að finna lista yfir 100 ríkustu Íslendingana, og fórum bara að hringja í fólk," segir Bjarki.

„Við fengum nei frá öllum, sem kom okkur auðvitað ekkert voðalega á óvart. En okkar mottó hefur verið að fyrir hver þúsund nei kemur eitt já, þannig að við héldum áfram að leita. Á endanum fundum við tónlistar- og menningarunnendur sem voru tilbúnir að leggja okkur lið. Það er eiginlega ótrúlegt að þetta hafi allt saman gengið upp, því við vorum búnir að semja við rándýra fagmenn í útlöndum um að vinna með okkur án þess að vera komnir með neitt fjármagn að ráði. En sem betur fer reddaðist þetta. Það komu margar hendur að þessu verkefni og fyrir það erum við óendanlega þakklátir.“

## Fengu umboðsmann PJ Harvey og U2 til liðs við sig

Á síðasta ári komst Mono Town með krókaleiðum í samband við umboðsmanninn Sally-Anne McKeown hjá Key Music Management, en hún hefur verið umboðsmaður tónlistarkonunnar PJ Harvey í hátt í tuttugu ár og verið hluti af umboðsmannateymi U2 um árabil. „Við vildum ólmir vinna með henni og komumst yfir símanúmerið hennar á mjög vafasamri vefsíðu og hringdum í hana. Hún var mjög undrandi á því hvernig við komumst yfir símanúmerið hennar en tók okkur samt vel. Við sendum henni tvö lög til að hlusta á og það tók langan tíma að fá hana til að hlusta á þau en hún var alltaf kurteis og baðst velvirðingar á því að hún hefði ekki gefið sér tíma til að hlusta," segir Bjarki.

### Í hljóðverinu

Liðsmenn Mono Town hlýða á upptökur á strengjaútsetningum í Angels-hljóðverinu í London.



„Svo hlustaði hún loksins á lögin og hringdi í okkur og bað um restina af plötunni. Þremur dögum síðar hringdi hún svo aftur og bað um fund með okkur á Skype, og viku seinna var hún komin til Íslands. Hún ákvað að taka okkur að sér því hún hefur trú á okkur og vill vinna með okkur, og það var einmitt þannig fólk sem við vorum að leita að.“

Síðan þá hefur Sally-Anne unnið að því að finna útgefanda að plötu Mono Town, en hún kom sveitinni inn á All Tomorrow's Parties og í nýafstaðna tónleikaferð með Pixies.

## Ný útgáfuleið sem opnar tækifæri

Það er óhætt að segja að margir hafi beðið með töluverðri óþreyju eftir frumraun Mono Town en nú er eitthvað að rofa til í þeim efnum. Hljómsveitin hefur gert samning við tónlistarveituna Deezer um útgáfu plötunnar en þó með óhefðbundnum hætti. „Tvö lög urðu aðgengileg notendum Deezer í þessari viku en svo verður öll platan aðgengileg inn á streymisþjónustunni 27. janúar. Þetta er í fyrsta skipti í heiminum sem hljómsveit gefur út plötu einvörðungu í gegnum svona þjónustu og við teljum að þetta geri okkur kleift að ná til stærri hlustendahóps. Með því að gera þetta svona erum við engum háðir og getum fylgt plötunni eftir þar sem henni verður vel tekið.“

Þjónustu Deezer svipar til Spotify, en þar geta notendur streymt tónlist yfir netið og hlustað á í tölvunni sinni eða öðrum tækjum, svo sem snjallsímum eða spjaldtölvum. Þó að Deezer sé ekki þekkt vörumerki hér á landi eru notendur þjónustunnar um tólf milljónir talsins í 180 löndum, en laga-grunnur fyrirtækisins telur um 30 milljónir laga.

Mono Town hyggst sömuleiðis gefa plötuna út á vínyl í takmörkuðu upplagi, en auk þess verður hún aðgengileg á iTunes. Sveitin heldur svo utan til Parísar um jól og áramót og heldur litla tónleika sem sendir verða út á netinu í gegnum þjónustu Deezer.

„Þetta hefur verið ómetanleg lífsreynsla. Við erum ekkert að yngjast þannig að það var annaðhvort að kýla almennilega á þetta núna... eða eftir tvö ár,“ segir Bjarki.



Smelltu til að sjá  
útgáfu Mono Town á  
Deezer.com



# Lagt upp með almennar aðgerðir

## STJÓRN MÁL

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**P**ví fer fjarri að samstaða sé meðal stjórnarflokka Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins um það hvernig standa skuli að lækkun fasteignalána, ýmist með beinum aðgerðum eða skattalegum aðgerðum. Alla vikuna hafa trúnaðar- og aðstoðarmenn Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra rætt fram og til baka tillögur sem sérfræðingahópur um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána hefur haft til úrvinnslu undanfarna mánuði. Gert er ráð fyrir að hópurinn muni skila af sér tillögum, sem ríkisstjórn



FME um innherjaupplýsingar  
hjá stjórnvöldum

muni síðan taka til umfjöllunar og leggja fyrir Alþingi, í lok vikunnar. Kjarninn ræddi við marga þeirra sem standa ráðherrunum tveimur nærri og hafa tekið þátt í vinnunni undanfarna daga og vikur en þeir voru ekki viljugir til þess að gefa neitt upp um tillögurnar. Sögðust þeir ekki hafa heimild til þess og þar að auki væru upplýsingarnar viðkvæmar í ljósi þess að þær væru líklegar til þess að vera verðmyndandi á fjármálamarkaði.

„Alla vikuna hafa trúnaðar- og aðstoðarmenn Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra og Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra rætt fram og til baka tillögur sem sérfræðingahópur um höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána hefur haft til úrvinnslu undanfarna mánuði.“

### **Almennar aðgerðir**

Það sem þó fékkst upp var að mikil áhersla hefði verið lögð á að hafa aðgerðirnar almennar og að beitt væri aðferðafræði sem báðir flokkar gætu sætt sig við, það er beinum lækkunum á höfuðstól húsnæðislána og einnig aðgerðum í gegnum skattkerfið. Helst kæmi þá til greina að veita skattaafslætti ef séreignarsparnaður væri greiddur beint inn á húsnæðislánin.

Samkvæmt heimildum Kjarnans er andstaða við almennar aðgerðir mun meiri innan Sjálfstæðisflokksins og í reynd alls óvíst að þingmenn flokksins muni samþykkja tillögur þar sem kostnaður getur lent á ríkissjóði eða lífeyrissjóðakerfinu. Þá furðuðu margir flokksmenn sig á því að hafa ekki fengið neinar upplýsingar um vinnu sérfræðihópsins, það er hvaða möguleikar kæmu til greina.

### **Hópur Framsóknarflokksins**

Hópurinn hefur starfað undir formennsku eins helsta trúnaðarmanns Sigmundar Davíðs, Sigurðar Hannessonar, doktors í stærðfræði og forsvarsmanns eignastýringar MP banka. Aðrir í hópnum eru meira og minna allir fulltrúar Framsóknarflokksins, nema Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur úr fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Hann situr í hópnum sem embættismaður en ekki pólitískur fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Aðrir í hópnum eru dr. Arnar Bjarnason hagfræðingur, Einar Hugi Bjarnason hrl., Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir hdl., Lilja Alfreðsdóttir hagfræðingur og Sigrún Ólafsdóttir, viðskiptafræðingur í forsætisráðuneytinu.

### **Titringur á skuldabréfamarkaði**

Vinna sérfræðihópsins og boðaðar tillögur um skuldaniðurfellingar hafa valdið nokkrum titringi á skuldabréfamarkaði í þessari viku. Velta á skuldabréfamarkaði á undanförunum dögum hefur verið á bilinu 14 til 22 milljarðar króna en meðaltalsvelta á dag á þessu ári hefur verið ríflega sjö milljarðar króna. Svo virðist sem fjárfestar séu veðja á að aðgerðir til að lækka fasteignaveðlán muni hafa áhrif á skuldabréfamarkaði, þá helst vegna kostnaðar sem muni lenda á ríkissjóði, beint eða óbeint. Inntak tillagnanna mun þó ekki koma í ljós fyrr en þær hafa verið kynntar og skýrðar.





N1 KORTIÐ

Árið 2012 söfnuðust  
**190 milljónir**  
**punkta**

Komum af stað!

**N1**



Charity Show  
Traditional Dance  
Performance and music  
by the orphans,  
songs by the disabled.

**ACODO ORPHANAGE**

Every Evening  
6:30pm (1 HR)  
Free Entry!

Phone : 012 81 81 58  
097 999 012  
092 92 92 92  
Email : info@acodo.org  
Website: www.acodo.org

Charity show is the ch... life!  
We welcome... phiteen




# Þegar börn verða túristavara

Vaxandi ferðamannastráumur stuðlar  
að misnotkun barna í Kambódíu

## KAMBÓDÍA

Steinunn Jakobsdóttir



hverju ári heimsækja þúsundir ferðamanna munaðarleysingjaheimili í Kambódíu í þeim tilgangi að kynna sér aðstæður þeirra fjölmörgu barna sem þar búa og leggja sitt af mörkum til að gera þeim dagamun. Í stað mustera Angkor Wat beinast myndavélar og snjallsímar að börnum í tötralegum fötum sem stökkva í fangið á nýju gestunum og dansa Apsara-þjóddansa við mikla ánægju viðstaddra. Ferðamennirnir þakka fyrir sig með því að gefa hrísgrjón, dót og dollara og halda svo sína leið, tilbúnir að deila reynslu sinni með fjölskyldu og Facebook-vinum. Kambódía er ekki einsdæmi. Slíkar skoðunarferðir eru skipulagðar í sama tilgangi víðs vegar í Asíu, Afríku og Suður-Ameríku. Ferðamennirnir mæta, taka myndir eins og í dýragarði og halda svo sína leið.

Á Íslandi og um allan heim geta ungir sem aldnir greitt fyrirtækjum og ferðaskrifstofum fyrir að fá að vinna sjálfbodastörf með munaðarlausum börnum frá nokkrum vikum í nokkra mánuði. Það er aðdáunarvert hversu margir eru reiðubúnir að hjálpa börnum á fátækari svæðum heimsins og vissulega mikilvægt að alþjóðasamfélagið taki þátt í að tryggja börnum grundvallarréttindi til menntunar, en því miður sanna dæmin að velvilji sjálfbodaliðanna getur ýtt undir kerfi þar sem börnum er vísitandi haldið í slæmum aðstæðum, fjarri fjölskyldum sínum eða heimaþæjum. Þrátt fyrir velvilja og umhyggju þeirra sem eru reiðubúnir að gefa peninga eða vinnu sína verður frá sjónarhorni barnaverndar að setja stórt spurningarmerki við þá þróun ferðamennsku sem átt hefur sér stað og hefur fengið heitið munaðarleysingjaferðamennska („orphanage tourism“) og góðgerðaferðamennska („voluntourism“).

### Munaðarleysingjaheimili er ekki ferðamannastaður

Í helstu ferðaborgum Kambódíu skipuleggja leiðsögumenn og tuk-tuk bílstjórar daglegar heimsóknir á munaðarleysingjaheimili og uppskera þjófnefni að launum. Í sumum tilvikum eru börnin sjálf send á fjölfarna veitingastaði til að dreifa

#### Danssýningar

##### munaðarleysingja

Á ACODO (Assisting Cambodian Orphans and the Disabled Organization) munaðarleysingjaheimilinu geta ferðamenn komið í heimsókn og horft á börnin dansa kambódíska þjóddansa á hverju kvöldi frá hálfjósi til hálfátta. Danssýningarnar eru auglýstar af tuk-tuk bílstjórum og ferðaskrifstofum og vegaleiðbeiningar fyrir ferðamenn auðfundnar meðal annars á TripAdvisor. Á tuk-tuk auglýsingunni á meðfylgjandi mynd stendur: „Charity Show is the children's life! We welcome International volunteers.“



Smelltu til að skoða  
tölulegar upplýsingar  
um Kambódíu á vef  
UNICEF

auglýsingum og hvetja ferðamenn til að heimsækja heimili sín. Sem dæmi má nefna Lighthouse-heimilið í höfuðborg Kambódíu, Phnom Penh, en á heimasíðu þess segir: „Börnin eru alveg yndisleg og elska að fá gesti til að leika við. Um leið og þú gengur inn um hliðið verður þér tekið með opnum örmum og fagnaðarlátum!“

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru grundvallarréttindi barna rétturinn til fjölskyldu- og einkalífs, virðingar og öryggis gegn ofbeldi eða hvers kyns misnotkun. Þegar heimili sem eiga að vernda börn í erfiðum aðstæðum og tryggja grundvallarréttindi þeirra umbreytast í vinsæla ferðamannastaði og lífsreynsla barnanna er notuð til að sanka að sér erlendu fjármagni eru slík réttindi gróflega brotin. Án skilríkja eða sakavottorðs geta ferðamenn valsað um frjállega og fengið óheftan aðgang að þeim börnum sem þar búa. Er þetta í lagi? Ef við yfirfærum dæmið til Íslands, þætti til að mynda eðlilegt að bjóða upp á heimsókn í Konukot, Barnahús eða Gistiskýlið í Reykjavík eftir dagsferð til Gullfoss og Geysis?

Rebekah Kofoed, sérfræðingur í barnavernd, hefur verið búsett í Kambódíu í rúm fjögur ár og starfar þar fyrir barnaverndarsamtökin Friends-International. Í samstarfi við UNICEF hefur Friends síðastliðin ár barist gegn heimsóknum ferðamanna í munaðarleysingjaheimili í Kambódíu, sem hefur fjölgað í takt við vaxandi ferðamannastraum til landsins. „Þetta snýst ekki endilega um ferðamennina sem slíka heldur alla framkvæmdina og viðskiptahugmyndina í kringum slíkar heimsóknir. Ferðamennirnir eru sem betur fer flestir allir af vilja gerðir og það er í raun aðdáunarvert að þeir vilji kynna sér félagsleg vandamál í fátækari svæðum heimsins,“ útskýrir Rebekah og bætir við: „Slíkar heimsóknir myndu þó aldrei líðast á Vesturlöndum: að bjóða upp á aðgengi að viðkvæmu barni sem þarf á umönnun og vernd að halda. Hvers vegna ætti þá að vera í lagi að gera slíkt í Kambódíu?“

Kofoed bendir á að á yfirborðinu geti börnin virst glöð og ánægð með athyglina sem þau fá en þessi ástúd sé í reynd



### Dýrmæt augnablik

Hópur norskra ferðamanna heimsækir munaðarleysingjaheimili í Siem Reap og keppist við að mynda „dýrmæt augnablik“.

merki um þjáningu og skort á mannlegri tengingu: „Þessum börnum finnst þau stöðugt vera yfirgefin. Sama hversu gefandi og þroskandi sem heimsóknin kann að vera fyrir ferðamennina eða sjálfboðaliðana eru 365 dagar í hverju ári, 52 vikur, 12 mánuðir.“ Fyrir börnin sjálf, sem alast upp við dagleg faðmlög frá ókunnugum útlendingum, sem hafa takmarkaðan skilning á menningu þeirra og tungumáli, skilja þessi skammvinnu sambönd fátt jákvætt eftir sig.

### Aðstoð sem fer úrskeiðis

Kambódía hefur gengið í gegnum mannskæðar hörmungar og um langt árabil hefur stór hluti kambódískra barna verið alinn upp af stofnunum og í flóttamannabúðum, sér í lagi á tímum Rauðu Khmeranna og á árunum eftir að þeir hróktust frá völdum. Talið er að um ein og hálf milljón manns hafi látist í fjöldamorðunum á áttunda áratugnum og því misstu mörg börn foreldra sína eða urðu viðskila við fjölskyldur



„Það er verið að notfæra sér góðvild ferðamanna og sjálfbóðaliða og markaðssetja neikvæða lífsreynslu barnanna, sem er ekkert annað en misnotkun.“

sínar. Frá því að friður komst á hefur þó mikil uppbygging farið fram í landinu og á síðustu 30 árum hafa lífslíkur aukist frá 40 árum í 63 ár að meðaltali. Á síðastliðnum árum hefur kambódíska ríkisstjórnin stefnt að því að hverfa frá því kerfi að ala börn upp á munaðarleysingjaheimilum, enda er ekki sama þörf fyrir slíkar stofnanir lengur. Ríkisstjórnin hefur samþykkt reglugerð þess efnis að það að aðskilja barn frá fjölskyldu sinni eigi að vera allra síðasta úrræði og einungis tímabundið á meðan leitað er annarra úrræða, svo sem fösturforeldra, umönnunar ættingja eða ættleiðingar innanlands. Sú staðreynd að munaðarleysingjaheimilum í landinu hefur fjölgað um 65% frá árinu 2005 verður því að teljast í algjörrí mótstögn við raunverulegar þarfir og vilja stjórnvalda.

Árlega laða spennandi tækifæri til að vinna með götu-börnum eða munaðarleysingjum að sér ævintýragjarna unga sjálfbóðaliða sem eru tilbúnir að borga erlendum fyrirtækjum fyrir tækifærið til að kenna börnunum ensku í nokkrar vikur. Í takt við aukinn vöxt ferðamannaþjónustunnar hefur tala munaðarleysingjaheimila vaxið til muna og árið 2011 voru 258 munaðarleysingjaheimili löglega skráð í landinu, þar af 237 einkarekin. Talið er að með óskráðum heimilum séu þau hátt í 500. „Orphanage tourism“ er orðinn blómstrandi atvinnugrein, en það sem færri ef til vill vita er að fæst barnanna eru í raun munaðarlaus.

Í nýlegri skýrslu UNICEF kemur fram að 72% „munaðarlausra barna“ í Kambódíu eiga að minnsta kosti eitt foreldri á lífi. Þar sem um þriðjungur landsmanna lifir undir fátæktarmörkum taka örvæntingarfullir foreldrar oft þá erfiðu ákvörðun að senda börnin sín í burtu í þeirri trú að þar muni þau fá betri vestræna menntun og öðlast bjartari framtíð. Raunveruleikinn er þó oft allt annar og í stað faglærðra kennara er kennslan í mörgum tilvikum rekin af ferðamönnum eða ófaglærðum sjálfbóðaliðum sem hafa litla sem enga reynslu af kennslu, hvað þá vinnu með ungum börnum sem búa við erfiðar aðstæður og hafa upplifað vanrækslu eða ofbeldi.

Það er ekki nóg með að gæði kennslunnar séu oft mjög



# CHILDREN ARE NOT TOURIST ATTRACTIONS



THINK before visiting an orphanage.

Visit [www.thinkchildsafe.org](http://www.thinkchildsafe.org)



Supported by  
unicef

## Aðdráttarafl

„Children are not tourist attractions“ er herferð sem Friends-International og UNICEF hrintu af stað til þess að sporna við heimsóknnum ferðamanna á munaðarleysingjaheimili.

vafasöm. Enn alvarlegra er að eftirliti er oft mjög ábótavant og fjárhagslegt gagnsæi lítið sem ekkert. Þrátt fyrir að flestir ferðamenn og sjálfboðaliðar hafi einungis gott í huga leynast hætturarnar víða og þessar heimsóknir ala börn upp í að treysta ókunnugum. Í nýlegri heimildarmynd Al Jazeera, People and Power: Cambodia's Orphan Business, rannsakaði blaðakonan Juliana Ruhfus sjálfboðastörf og munaðarleysingjaheimili í Kambódíu. Ruhfus fer á munaðarleysingjaheimili í Phnom Penh þar sem hún fær að ganga inn beint af götunni og þrátt fyrir að segjast hafa enga reynslu af kennslu fær hún að kenna sinn fyrsta tíma og er síðan beðin um að gefa smá pening. Þegar Ruhfus spyr hvort hún og vinur hennar megi taka nokkur börn í skoðunarferð um borgina svarar yfirmaður heimilisins því játandi og spyr: „Hversu mörg börn viltu?“ Ruhfus fær að velja fjögur börn, án þess að vera spurð um skilríki eða undirrita neina pappíra. Þegar dyrnar standa svo auðveldlega opnar er ekki erfitt að ímynda sér hvaða afleiðingar það getur haft í för með sér.



Friends-International og UNICEF hríntu af stað herferð untir heitinu „Children are not tourist attractions“ þar sem barist er gegn heimsóknnum ferðamanna í munaðarleysingjaheimili

## Að vera ábyrgur ferðamaður

Eins og Rebekah Kofoed bendir á er ekki endilega við ferðamennina eða sjálfboðaliðana að sakast sem vilja gera það sem þeir geta til að hjálpa til en því miður eru allt of mörg dæmi þess að börnin séu notuð sem túristagildirur til að sanka að erlendu fjármagni. Rebekah tekur dæmi af heimili í Phnom Penh: „Ég sá nýjan hóp af ferðamönnum heimsækja heimilið í hverri viku og hjálpa til við að mála girðinguna í kringum leiksvæði barnanna. Í hverri viku var girðingin máluð upp á nýtt og á meðan léku börnin sér í kringum gestina. Þessir ferðamenn fara síðan heim og halda að þeir hafi gert eitt-hvað þýðingarmikið. Ef þeir hefðu hugmynd um þetta hugsa ég að þeir væru í miklu uppnámi. Ekki er nóg með að verið sé að taka störf frá heimamönnum heldur er verið að notfæra sér góðvilja fólks sem trúir því að það sé að hjálpa til,“ segir Kofoed og bætir við: „Fyrir þau börn sem þurfa að alast upp á stofnunum eru þetta ennþá heimilin þeirra, staður þar sem þau eiga að vera örugg og réttindi þeirra til einkalífs að vera virt. Börn eiga ekki að þurfa að hjálpa til við að safna peningum fyrir samtökin sem þau búa hjá [með því að dansa fyrir ferðamenn sem dæmi]. Það er verið að notfæra sér góðvild ferðamanna og sjálfboðaliða og markaðssetja neikvæða lífsreynslu barnanna, sem er ekkert annað en misnotkun. [...] Með fjölgun munaðarleysingjaheimila er verið að brjóta niður fjölskylduuppbygginguna. Þetta er úrelt hugmynd um það sem þarf í Kambódíu og í stað þess að hugsa fram á við hindrar þessi aukning jákvæða uppbyggingu samfélagsins.“

En hvað geta ferðamenn og sjálfboðaliðar gert til að bæta ástandið?

„Ef raunverulega ástæðan er að hjálpa til, en ekki að öðlast vellíðan og hafa sögur að segja vinum, skaltu kynna þér raunverulegar þarfir og hvar þú getur í raun haft áhrif. Hugsaðu um langtímalausnir og hvar hæfileikar þínir og reynsla gætu nýst best. Í stað þess að vinna beint með börnunum geta sjálfboðaliðar gert mun meira gagn með því að líta í eigin barm og hugsa vel hvaða þekkingu þeirra hafa fram að færa. Í stað þess að kenna börnunum ensku í



## ÍTAREFNI

### People & Power: Cambodia's Orphan Business

Heimildarmynd Al-Jazeera um  
munaðarlaus börn í Kambódíu

### Hverjir voru Rauðu khmerarnir?

Svar Vísindavefsins eftir Guðmund  
Steinar Jóhannsson.

### Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Á mannréttindavef  
Sameinuðu þjóðanna

### ChildSafe Traveller Tips

Um mögulegar aðgerðir  
ferðalanga gegn misnotkun barna

Smelltu á fyrirsagnirnar  
til að lesa ítarefnið

nokkrar vikur gæti sami sjálfbóðaliði gert mun meira gagn með því að vinna með heimamönnum og treysta getu þeirra kennara sem eru á staðnum, og munu vera á staðnum næstu ár eða áratugi. Það mun hafa mun meiri og langvarandi áhrif og stuðla að sjálfbærri þróun þessara samfélaga.“

Sem hluti af alþjóðasamfélaginu og aðili að barna-sáttmálanum verða Íslendingar að hjálpa til við að brjóta niður þá staðalímynd að börn í þróunarríkjunum séu hjálparvana einstaklingar sem þurfi að reiða sig á góðvild ókunnugra útlendinga. Þess í stað á að horfa á þau sem gerendur í samfélaginu og styrkja þau, foreldra þeirra og samfélög til að tryggja sér betra líf. Öllum þeim fjármunum sem flæða inn í munaðarleysingjaheimilin eða fyrirtækin sem skipuleggja slík sjálfbóðastörf væri mun betur varið í að hjálpa til við uppbyggingu í samfélaginu og styrkja getu heimamanna svo að börn þurfi ekki að alast upp fjarri fjölskyldum sínum til þess eins að hafa aðgang að grunnþörfum og menntun. Sú fjárfesting mun skila sér mun lengra, og á réttan stað.

Þegar ferðamenn gera sér grein fyrir því hversu brengluð viðskiptahugmynd munaðarleysingjaiðnaðurinn er verður smám saman hægt að sporna við þeirri fjölgun heimila sem átt hefur sér stað. Að vera ábyrgur ferðamaður krefst vissulega meiri umhugsunar og Facebook-myndirnar eru kannski ekki jafn krúttlegar, en ef hægt er að beina velvilja ferðamanna í annan og betri farveg mun munaðarleysingja-bransinn vonandi smám saman leggjast af.

# LANGAR ÞIG TIL ORLANDO



KAUPTU 1 KG ÖSKJU  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
FERÐ FYRIR 4\*

Merktu kassakvittunina og sendu hana til Nóa Sírius, Hesthálsi 2-4, 110 Reykjavík  
eða taktu mynd af kvittuninni og sendu á [konfekt@leikur.noj.is](mailto:konfekt@leikur.noj.is).

\*Fjórir vinna ferð fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

DREGIÐ ALLA SUNNUDAGA Á AÐVENTUNNI

1. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

8. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

15. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

22. desember:  
**ORLANDO**  
FERÐ FYRIR 4

NÓA  
Konfekt



# Spilaði með bestu leikmönnum heims

## ÍÞRÓTTIR

Magnús Halldórsson  
[magnush@kjarninn.is](mailto:magnush@kjarninn.is)

**E**iður Smári Guðjohnsen lýsti því yfir eftir seinni umspilsleikinn við Króata í Zagreb, þar sem Íslendingar máttu sín lítils gegn sterkum heimamönnum, að líklega væri hann búinn að leika sinn síðasta landsleik. Frá þessu greindi hann í viðtali við Hauk Harðarson, fréttamann RÚV, með tárin í augunum. Viðtalið var áhrifamikið og kallaði fram sterk viðbrögð hjá Íslendingum, ekki síst á samfélagsmiðlum. Heimasíða á Facebook með yfirskriftinni Takk fyrir okkur Eiður Smári var sett í loftið og þegar þetta er skrifað hafa tæplega 33 þúsund Íslendingar like-að síðuna. Þessi stórkostlegi knattspyrnumaður er nú að nálgast leiðarlok á ferli sínum en hann er þó enn í fullu fjöri sem leikmaður Club Brugge.

Á ferli sínum hefur Eiður Smári leikið og æft með mörgum af bestu leikmönnum heims, sannkölluðum knattspyrnusnillingum. Kjarninn leyfir sér þann munað að velja fimm leikmenn sem stóðu öðrum framar og standa sumir hverjir enn. Það er hægt að setja saman marga lista yfir leikmenn sem eru allir meðal bestu leikmanna sinnar kynslóðar í heiminum sem Eiður Smári hefur spilað með á sínum ferli en þessir fimm sem hér eru útvaldir hafa hver með sínum hætti haft gríðarlega mikil áhrif á knattspyrnuheiminn.

# 1



## Lionel Messi

**A**rgentínaumaðurinn Lionel Messi var unglingur í liði Barcelona þegar Eiður Smári var liðsfélagi hans. Hann varð fljótt að besta leikmanni liðsins þrátt fyrir það og sýndi strax undraverða hæfileika. Í fyrsta sinn sem hann byrjaði inn á í leik gegn erkifjendum í Real Madrid, þá 19 ára, skoraði hann ótrúlega þrennu. Öllum varð ljóst eftir þetta að Messi væri ekki aðeins sérstakur hæfileikamaður heldur líklegur til þess að verða einn besti leikmaður sögunnar. Slík voru tilþrifuin sem þessi 19 ára snillingur sýndi.

Síðasta markið í leiknum skoraði hann eftir sendingu frá Ronaldinho, en Eiður Smári var líka á auðum sjó í teignum. Síðan eru liðin sjö ár og hefur Lionel Messi verið fremstur

meðal jafningja í fótboltaheiminum síðan. Hann hefur skorað mörk í öllum regnbogans litum og lagt upp fjölda marka að auki.

Markaskorun hans er reyndar án fordæma í knattspyrnusögunni. Hann setti ótrúlegt met á árinu 2012 þegar hann skoraði samtals 91 mark í öllum keppnum með Barcelona og landsliði Argentínu. Það er met sem ólíklegt er að nokkur geti slegið, nema hugsanlega Messi sjálfur. Hann hefur þegar verið kjörinn knattspyrnumaður ársins hjá FIFA fjórum sinnum og verið markahæsti leikmaður Evrópu þrjú ár í röð. Fyrir utan mikil og einstök einstaklingsafrek hefur ferill hans einkennst af sigrum á öllum vígstöðum með Barcelona.



## Ronaldo

**B**rasíliumaðurinn Ronaldo er markahæsti leikmaður í úrslitakeppni HM frá upphafi, hefur skorað 15 mörk í sjálfri úrslitakeppninni. Það er gríðarlegt afrek, ekki síst í ljósi þess að hann missti úr nokkur ár á ferli sínum vegna erfiðra meiðsla, einkum hnémeiðsla.

Eiður Smári spilaði með Ronaldo hjá PSV Eindhoven. Þeir þóttu með efnilegri leikmönnum Evrópu, en Ronaldo er tveimur árum eldri en Eiður Smári. Á þessum tíma var Ronaldo ótrúlegur leikmaður. Hann spændi hvað eftir annað gegnum varnir andstæðingana og skildi varnarmenn eftir eins og hráviði úti um allan völl. Strax við upphaf ferilsins hjá PSV var ljóst að Ronaldo var að

fara að verða einn besti framherji heimsins. Barcelona keypti hann og hann spilaði í tvö ár undir stjórn Bobby Robson, þar sem hann blómstraði.

Þegar Ronaldo hætti formlega að spila sem atvinnumaður í febrúar 2011 tók breska ríkisútvarpið BBC viðtal við fyrrverandi liðsfélaga hans, Steve McManaman. Í viðtalinu vitnar McManaman til samtals við Albert Celades, sem spilaði með Ronaldo hjá Barcelona. Hann sagði Ronaldo hafa verið ótrúlegasta leikmann sem hann hefði séð; hann hefði stundum leikið á tíu leikmenn á æfingum. Ef ekki hefði komið til alvarlegra meiðsla hefði hann örugglega orðið besti leikmaður allra tíma, sagði Celades.



## Ronaldinho

**B**rasílíumaðurinn Ronaldinho hafði í tvígang verið valinn besti leikmaður heims þegar Eiður Smári kom til Barcelona árið 2006.

Þó að aðeins hafi byrjað að halla undan fæti hjá Ronaldinho þegar Eiður Smári lék með honum, miðað þá stórkostlegu frammistöðu sem hann hafði sýnt árin á undan, sýndi hann oft á tíðum ótrúleg tilþrif.

Ronaldinho var og er ótrúlegt tækniundur þegar kemur að sóknarleik.

Þegar hann var upp á sitt besta var Ronaldinho nánast óviðráðanlegur. Hann var gríðarlega sprettharður, líkamlega sterkur, útsjónarsamur og góður skot- og sendingamaður. Hafði allt sem þarf til þess að vera fremstur meðal jafningja – og var það á tímabili.

4



## Xavi

**X**avi Hernández, miðjumaður Barcelona, er í hópi sigursælustu leikmanna allra tíma. Hann er enn í fullu fjöri hjá Katalóníu-stórveldinu, 33 ára gamall. Xavi hefur unnið allt sem hægt er að vinna, oft og mörgum sinnum. Spænska deildarmeistaratitilinn, spænska bikarinn, HM félagsliða, Konungsbikarinn og Meistaradeild Evrópu með Barcelona, og bæði HM og EM með spænska landsliðinu. Hann er sannkallaður sigurvegari.

Xavi hefur verið samofinn Barcelona allt frá því hann var krakki. Hóf feril sinn 1991, þá ellefu ára gamall. Fyrsta leikinn fyrir aðalliðið lék hann árið 1998, þá 18 ára. Xavi er stór-

kostlegur miðjumaður og prímusmótorinn í mögnuðu liði Barcelona. Stjórnar spilinu eins og sá sem valdið hefur inni á vellinum.

Xavi lét hafa eftir sér í viðtali eitt sinn að Eiður Smári gæti vel spilað með spænska landsliðinu. „Fyrst hann getur spilað með Barcelona getur hann spilað með spænska landsliðinu,“ sagði Xavi um Eið Smára. Xavi er ekki sá leikmaður sem tæklar harðast, hleypur hraðast eða sýnir glæsilegasta einstaklingsframtakið. Hann er fyrst og síðast leikstjórnandi, stórkostlegur sendingamaður og afburða alhliða miðjumaður. Einn allra besta leikmaður sem Eiður Smári hefur leikið með og einn sá sigursælasti af öllum.



## Gianfranco Zola

Ítalinn smávaxni (168 sentímetrar á hæð) hóf feril sinn 1984 hjá Nuorese á Ítalíu en færði sig tveimur árum síðar til Torres og spilaði með því félagi til ársins 1989. Þá lá leiðin til Napoli, þar sem hann mátti sætta sig við að sitja á bekknum löngum stundum. Ástæðan fyrir bekkjarsetunni var einföld; Argentíski snillingurinn Diego Armando Maradona átti sviðið. Hann var þar að auki oftast nær í draumastöðunni hans Zola, rétt fyrir aftan framherjann, þar sem hann gat látið ljós sitt skína með meistaralegum sendingum og skotum. Zola skoraði 49 mörk fyrir Parma í 102 leikjum og lagði upp fjölda marki að auki á þriggja ára ferli sínum með liðinu. Hann fór til Chelsea árið 1996 og sló strax í gegn.

Áhrif hans á enska knattspyrnu voru mikil. Hann var í hópi frábærra erlendra leikmanna sem komu inn í ensku úrvalsdeildina skömmu eftir að hún var stofnuð

og gerðu enska fótboltann skemmtilegri og aðrættaraflíð fyrir aðra erlenda leikmenn meira. Zola er í hópi með Dennis Bergkamp, Eric Cantona, Gianluca Vialli, Patrick Vieira, Ruud Gullit og fleiri frábærum erlendum leikmönnum sem höfðu mikil áhrif á þróun ensku úrvalsdeildarinnar á þessum tíma.

Þegar Eiður Smári kemur til Chelsea frá Bolton, árið 2000, er Zola ein skærasta stjarna liðsins og raunar í enskri knattspyrnu. Zola var gríðarlega hæfileikaríkur og magnaður knattspyrnumaður. Skoraði frábær mörk, tók stórhættulegar aukaspjrnur og var duglegur að leita uppi félaga sína þegar þurfti. Þó að Eiður Smári hafi verið upp á sitt besta með Hollendingnum Jimmy Floyd Hasselbaink í framlínunni hjá Chelsea, fremur en Zola, var Zola sannarlega í hópi bestu leikmanna sem Eiður Smári lék með. Stíll hans var líka sannkallað augnayndi fyrir áhorfendur, sóknarleikur eins og hann gerist bestur.



FRÍTT



kjarninn



Áttu iPad eða iPhone?  
Sæktu þér Kjarna-appið og  
upplifðu Kjarnann í sínum  
náttúrulegu heimkynnum



# Herraklæðnaður af hugsjón



## TÍSKA

Birgir Þór Harðarson  
birgir@kjarninn.is



**W**inston Churchill, Elton John, Gianni Agnelli og Donald Draper eiga allir að minnsta kosti eitt sameiginlegt: Allir gengu með einkennandi hálstau, hvort sem það var bindi eða slaufa.

Ef við ættum að sjá fyrir okkur ljósmynd af Churchill er hann að öllum líkindum með vindil í kjaftinum, brosandí með doppóttu, vel hnýttu slaufu. Elton John er í litríkum fötum, jafnvel með flippað bindi, og Don Draper í vel sniðnum klassískum jakkafötum með blátt bindi með einföldu munstri.

Þessa menn höfðu þeir Oddur Sturluson og Ólafur Fannar Heimisson sem fyrirmyndir þegar þeir útfærðu bindin og slaufurnar sem þeir selja í vefversluninni Sons.is sem var opnuð á dögunum. Báðir eru þeir miklir áhugamenn um herratísku en fyrir skemmstu ákváðu þeir að tími væri til að gera áhugamálið að grunni eigin fyrirtækis.

„Það er í raun ekkert erfitt að opna búð á Laugavegi, þó að leigan sé vissulega há. Þá getur maður treyst á ákveðna umferð.“ segir Oddur. Vefverslunarformið gefur þeim hins vegar tækifæri til að sinna áhugamálinu án þess að leggja til himinháa fjármuni og þróunin erlendis hefur verið að færast inn á veraldarvefinn. Þegar dæmið var reiknað þótti því rök-rétt að opna á vefnum, enda eru Íslendingar einhver mesta netþjóð í heimi og nota langflestir internetið dag hvern.

Ög það er af hreinni hugsjón sem þeir stofna Sons. „Við viljum hjálpa mönnum að vera besta útgáfan af sjálfum sér,“ segir Ólafur Fannar og Oddur bætir við að þeir geri þetta því þeir vilji það, ekki af því að þeir neyðist til þess. „Vörurnar eru heldur ekki hugsaðar fyrir menn sem þurfa að vera með einfalt bindi til að geta mætt í vinnuna heldur fyrir þá sem vilja vera aðeins flottari. Þetta er eins og að borða ekki bara til þess að vera saddur eða drekka ekki bara til þess að vera fullur.“



# Innrás NFL í Evrópu

**ÍÞRÓTTIR**

Loftur Kristjánsson

**I** lok október síðastliðins hélt undirritaður í þilagrímsför til Englandis á leik með uppáhalds íþróttaliðinu. Förinni var hins vegar ekki heitið á Old Trafford, Anfield eða neinn annan heimavöll liðanna í ensku úrvalsdeildinni þangað sem svo margir Íslendingar fara á hverju ári. Ástæða ferðarinnar var leikur Jacksonville Jaguars og San Francisco 49ers í NFL-deildinni á Wembley-leikvanginum.

Á leikdag voru mættir 83.559 áhorfendur af þeim 86.000 sem komast fyrir á Wembley þegar leikur í amerískum fótbolta fer þar fram. Áhorfendur voru mættir hvaðanæva að úr



Evrópu og þarna voru stuðningsmenn allra liða deildarinnar mættir saman til að horfa á leik. Það verður að teljast afrek að selja svo marga miða á leik í íþrótt sem er ekki spiluð í álfunni af atvinnumönnum. Þetta er hins vegar vel mögulegt fyrir NFL-deildina, langvinsælustu íþróttadeild Bandaríkjanna. Spilaðir hafa verið deildarleikir á Wembley frá árinu 2007 með góðum árangri. Í ár voru í fyrsta skipti spilaðir tveir leikir og ekki virtist áhuginn vera minni en árin á undan. Á næsta ári verða spilaðir þrír leikir á Wembley. Spurningin er nú orðin: hvert mun þessi áhugi leiða okkur?

Auðveldasta svarið við þessu er að NFL er að íhuga að koma fyrir liði í London. Í versta falli er deildinni að takast nokkuð vel að auka áhugann á þeirri vöru sem það er að selja og gera deildina alþjóðlegri.

### **Hraður vöxtur og tilraun til alþjóðlegrar útbreiðslu**

Áhugi Bandaríkjanna á NFL-deildinni hefur aukist gríðarlega á síðustu hálfri öld. Um miðja síðustu öld og á árunum þar á undan var NFL í besta falli þriðja vinsælasta íþróttadeild Bandaríkjanna og átti langt í land með að ná hafnabolta og háskólaliðunum í amerískum fótbolta að vinsældum. Um 1960 varð þó breyting á þessu og í lok sjöunda áratugarins var NFL-deildin búin að festa sig í sessi sem vinsælasta íþróttadeild Bandaríkjanna og hefur ekki litið til baka síðan þá. Á undanförunum árum hafa eigendur liðanna í deildinni haft áhyggjur af því að þeir muni eiga erfitt með að vaxa mikið meira í heimalandinu. Þeir eru ekki lengur að keppa við hafnabolta og NBA heldur eru þeir farnir að horfa á deildir eins og ensku úrvalsdeildina í knattspyrnu sem fyrirmyndir og keppinauta. Eins og staðan er núna dreymir NFL um að hafa sama alþjóðlega stuðning og enska úrvalsdeildin. Leikirnir í London eru nýjasta skrefið í þeirri þróun fyrir NFL.

Það mætti segja að NFL-deildin hafi stigið fyrsta skrefið í alþjóðlegri útbreiðslu sinni með stofnun NFL Europe-deildarinnar. Sú deild var starfrækt frá 1991-92 og svo frá 1995-2007 og var eins konar þróunardeild fyrir NFL. Þar spiluðu leikmenn sem voru ekki nógu góðir fyrir NFL en liðin höfðu



trú á að væru nógu hæfileikaríkir en vantaði reynslu, sem þeir fengu annars ekki í NFL. Á endanum var of kostnaðarsamt að reka deildina. Áhuginn á deildinni í Evrópu var þó til staðar, því að meðaltali mættu 19.000 manns á þá 490 leiki sem voru spilaðir í deildinni. Sú ákvörðun var því tekin að leika alvöru deildarleiki í Evrópu í staðinn.

Það hefur gengið eins og í sögu. Eins og staðan er núna áætlað deildin að um 12 milljón aðdáendur séu búsettir í Bretlandi og þar af séu 2,5 milljón virkir aðdáendur. Nýjasta útspilið var að fá lið til að spila nokkra leiki í London. Lið Jaguars bauð sig fram í það verkefni og hefur skuldbundið sig til að leika einn heimaleik á ári frá 2013-16 í London. Jaguars er sérstakt á marga vegu: það var stofnað árið 1995 og er því annað nýjasta liðið í deildinni, liðið er á fjórða minnsta markaðssvæði af öllum mörkuðum deildarinnar og hefur

verið lélegt í nokkur ár. Þá er það með nýjan eiganda, Shahid Khan, sem keypti liðið í ársbyrjun 2012 fyrir \$760 milljónir og hefur síðan þá reynt hvað hann getur til að blása lífi í liðið og borgina. Einn liður í því er að spila einn leik á ári í London og fá með því meiri tekjur en liðið fengi í Jacksonville. Allt þetta, auk þess að í júlí síðastliðnum keypti Khan enska úrvalsdeildarfélagið Fulham, hefur leitt til þess að Jaguars er talið líklegasta liðið til að flytja búferlum til London. Ekki er þó víst að það verði Jaguars sem flytur til London eða að London verði næsta borg sem fái lið í NFL.

### **Aðrar borgir líklegri?**

Þó að London sé gífurlega fjölmenn borg og þar sé næga peninga að finna er enn líklegra að Los Angeles sé næst á listanum. Það kemur mörgum á óvart að ekkert NFL-lið hafi aðsetur á öðru stærsta markaðssvæði Bandaríkjanna og skemmtanahöfuðborg heimsins. Los Angeles hefur ekki verið með lið síðan 1994 þegar Raiders fluttist búferlum til Oakland og Rams til St. Louis. Ástæða þess að ekkert lið er í Los Angeles er ekki skortur á áhuga heldur skortur á nútíma leikvangi með ógrynni af VIP-stúkum fyrir milljónamæringa borgarinnar til að eyða peningum í. Þegar það vandamál hefur verið leyst mun eitthvert lið deildarinnar flytjast þangað. Einnig koma aðrar stórborgir í Norður-Ameríku til greina sem heimkynni liða, svo sem Toronto, Mexíkóborg og San Antonio. Leiknir hafa verið NFL-leikir í Toronto frá 2008 og í Mexíkóborg árið 2005.

### **Hin ýmsu vandamál við London**

Það er þó ekki sjálfsagt að lið muni flytjast til London því vandamálin eru nokkur. Helsta vandamálið er tímamismunurinn og ferðatíminn. Teljast verður líklegast að lið sem verður í London hafi aðstöðu einhvers staðar á austurströnd Bandaríkjanna fyrir æfingar og fleira slíkt. Þá er líklegast að liðið muni spila 3-4 heimaleiki í röð til þess að lágmarka fjölda ferða milli London og Bandaríkjanna. Undir þessu fyrirkomulagi myndi liðið þá einnig spila 3-4 útileiki í röð og vera með aðsetur í Bandaríkjunum á milli þeirra.



## ÁHORFENDAFJÖLDI OG ÚRSLIT NFL-LEIKJA Í LONDON SÍÐASTLIÐIN ÁR

Ár	Heimalið	Útilið	Úrslit	Áhorfendafjöldi
2007	Miami Dolphins	New York Giants	10–13	81.176
2008	New Orleans Saints	San Diego Chargers	37–32	83.226
2009	Tampa Bay Buccaneers	New England Patriots	7–35	84.254
2010	San Francisco 49ers	Denver Broncos	24–16	83.941
2011	Tampa Bay Buccaneers	Chicago Bears	18–24	76.981
2012	St. Louis Rams	New England Patriots	7–45	84.004
2013	Minnesota Vikings	Pittsburgh Steelers	34–27	83.518
2013	Jacksonville Jaguars	San Francisco 49ers	10–42	83.559

Mögulegt vandamál er stærð Wembley og hvort lið geti fyllt hann leik eftir leik og ár eftir ár. Wembley er 21. stærsti íþróttavöllur í heimi og yrði um leið stærsti leikvangurinn í NFL ef lið flyttist þangað. Ein af ástæðum þess að leiknir voru tveir leikir á Wembley í ár og þrír á næsta ári er eflaust að kanna hvort eftirspurn haldist stöðug á leikina eftir því sem þeim fjölgar. Ekki er því ólíklegt að deildin hækki fjölda leikja á hverju ári upp í átta. Ekki væri ástæða til að spila fleiri leiki, þar sem hvert lið leikur aðeins átta heimaleiki á ári í deildarkeppninni.

Erfitt er að ímynda sér aðra velli í London sem mögulega leikvanga. Búið er að útiloka Ólympíuvöllinn, sem knattspyrnuliðið West Ham mun flytjast til árið 2016. Þá losnar heimavöllur þess, Upton Park, en hann tekur um 30.000 manns í sæti, sem NFL-deildin sættir sig ekki við. Möguleiki væri þá að rífa Upton Park og byggja NFL-leikvang á því svæði í staðinn. Annar athyglisverður möguleiki er eignarhald áður nefnds Shahid Khan á Fulham og Jaguars. Ef hann kysir svo gæti hann endurbætt Craven Cottage þannig að hann tæki fleiri áhorfendur.

Síðasti gallinn við lið í London er samningsstaða þess við tilvonandi leikmenn. Þó að London sé stór og spennandi borg er ekki sjálfsagt að leikmenn hafi brennandi áhuga á að spila þar. Þeir myndu benda á hluti eins og tímamismuninn og ferðatímamann sem óaðlaðandi kosti. Það góða fyrir liðið er að þegar það velur leikmenn úr háskóla í nýliðavalinu hafa þeir leikmenn fáa aðra kosti en að leika fyrir liðið, þar



## ÍTAREFNI

### Should Cowboys be concerned about blue jersey devils?

Umfjöllun Fox Sports um London og framtíðarmöguleika NFL þar

### NFL to further international growth; 3 games in London in 2014

Frétt nfl.com um fjölgun leikja í London

### NFL Expansion: 20 Great Cities that Deserve an NFL Team

Umfjöllun Bleacher Report um mögulegar borgir fyrir NFL-lið

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

sem fjárhagslegt tap þeirra við að gera það ekki er of mikið. Vandinn verður því að halda leikmönnum hjá liðinu eftir að nýliðasamningur þeirra rennur út og að lokka til sín samningslausa leikmenn. London-liðið þyrfti því að geta boðið leikmönnum hærra tekjur til að þeir semdu við það. Auðveld lausn er til á þessu en hún er sú að deildin hækki launaþak London liðsins umfram launaþak hinna liðanna til að gefa því meira svigrúm til að bjóða leikmönnum hagstæða samninga. Afar líklegt er að London-liðið muni ekki eiga í erfiðleikum með að standa straum af þessum auka kostnaði þar sem tekjur þess ættu að vera með því hæsta sem þekkist í deildinni.

### Helsti kosturinn og frekari alþjóðleg útbreiðsla

Einn helsti kosturinn fyrir London-lið annar en fjárhagslegur ágóði við að vera í borginni er sá að það gæti orðið afar erfitt fyrir önnur lið að mæta til London og sigra heimaliðið. London-liðið hefði því þann kost að vera vel úthvílt samanborið við hitt liðið, sem hefði flogið langa leið. Með bandaríska bækistöð losnar London-liðið líka við mikinn ferðatíma og þreytu þegar það spilar nokkra útileiki í röð. Þar sem NFL-deildin notast við úrslitakeppni að deildarkeppninni lokinni gæti það verið afar erfitt að sigra London-liðið þegar það á heimaleik í úrslitakeppninni.

Ef af því verður að lið muni enda í London og vel tekst til með það er ekki ólíklegt að NFL-deildin haldi á nýjar slóðir. Þýskaland verður að teljast líklegasti kosturinn þar sem Þjóðverjar eru fjölmennasta þjóð Vestur-Evrópu og áhugi á amerískum fótbolta er mjög mikill þar. Frankfurt er sennilega besti kosturinn þar í landi enda er hún mikil peningaborg. Einnig er hægt að benda á framúrskarandi áhorfendatölur úr NFL Europe ,en lið Frankfurt Galaxy var með 30.000 áhorfendur að meðaltali á leikjum sínum í deildinni.

Eins og sést eru mikil tækifæri fyrir deildina að verða alþjóðlegri, kynna íþróttina og ná meiri útbreiðslu meðal fólks utan Norður-Ameríku. Það verður því spennandi að fylgjast með þeirri þróun sem mun eiga sér stað á næstu árum með London því hún mun spila lykilhlutverk í stóra samhenginu.





# JÓLAPEYSAN

30. OKTÓBER - 13. DESEMBER



AUÐVELT  
AÐ VERA MEÐ  
[www.jolapeysan.is](http://www.jolapeysan.is)



Styrktu verkefni Barnaheilla og sendu **SMS** með textanum „jól“  
í síma **903 1510 - 903 1520 - 903 1550** fyrir 1.000, 2.000 eða 5.000 krónur.



# Sub Pop lifir allar breytingar af

**Æ** oftast heyrast sögur af því að tónlistarbransinn stendur höllum fæti á 21. öldinni og plötusala fari minnkandi frá ári til árs. Stóru hljómplötubúðakeðjurnar loki og rekstur hljómplötufyrirtækja gangi illa.

Sem betur fer eru þó til útgáfur sem reknar eru af ástríðu og útsjónarsemi, af fólki sem er skapandi í hugsun sem tekst vel til í sínum rekstri. Eitt dæmi þess er hin sjálfstæða bandaríska útgáfa Sub Pop sem virðist þrátt fyrir erfiðleika í tónlistarbransanum standa sterkum fótum og sýnir engin merki um að standa í basli.

Sub Pop hefur starfað í tuttugu og fimm ár og fagnaði hún afmælinu af miklum bravúr í Georgetown-hverfinu í Seattle. Á ferli sinni hefur útgáfan gefið út fjöldan allan framúrskarandi tónlistarmönnum og hljómsveitum sem mörg hver komu fram til að fagna þessum merku tíma-mótum. Má þar nefna Íslandsvinina í [METZ](#), [Shearwater](#) og [Shabazz Palaces](#), sem og [J Mascis](#) úr [Dinosaur Jr.](#), [Mudhoney](#), [Father John Misty](#), [Built to Spill](#) og [Greg Dulli](#).

Sub Pop hóf starfsemi sína í Seattle í lok níunda áratugarins og komst fljótlega á varir alheimsins fyrir að uppgötva og gefa út fyrstu útgáfur gruggsveitanna [Nirvana](#), [Mudhoney](#) og [Tad](#). Einnig gaf hún út plötur hljómsveita á borð við [Soundgarden](#) og [Screaming Trees](#) sem áttu eftir að sigra heiminn á tíunda áratugnum.

## Upphafið rakið til aðdáendatímarits

Útgáfuna stofnuðu þeir [Bruce Pavitt](#) og [Jonathan Poneman](#) og má rekja upphaf þess til aðdáendatímaritsins (e. fanzine) [Subterranean Pop](#) sem Bruce gaf út á meðan hann stundaði nám við [Evergreen State College](#) í höfuðborg [Washington](#)-ríkis, [Olympia](#). Pavitt og Poneman settu sér það markmið að gefa út hrátt og óbeislað rokk og ról frá heimaríki sínu og voru fyrstu hljómsveitirnar sem þeir gáfu út [Green River](#) og [Soundgarden](#) á árunum 1986 og 1987.

Árið 1988 ákváðu þeir félagar að leggja alla peninga sína í dæmið og hættu í dagvinnunni til þessa að setja allan



fókus í útgáfuna. Það ár komu út fyrstu smáskífur hljómsveitanna Mudhoney, sem skipuð var fyrirverandi meðlimum Green River og Melvins, og hljómsveitarinnar Nirvana frá Aberdeen í Washington-ríki. Þessar smáskífur voru upphafið að smáskífuklúbbi Sub Pop sem kallaðist einfaldlega Sub Pop Singles Club, en það var áskriftarklúbbur sem innihélt tvö þúsund meðlimi þegar mest lét.

Klúbburinn hjálpaði útgáfunni að tryggja rekstur sinn og notuðu þeir félagar ágóðann meðal annars til þess að fljúga hinum goðsagnakennda blaðamanni Everett True, sem þá starfaði hjá Melody Maker, frá Englandi til Seattle til þess að fjalla um rokkxenuna þar í bresku tónlistarpressunni. Bretar og aðrir Evrópubúar gleyptu strax við þessu hráa rokki sem var að gerjast í Seattle og ekki leið á löngu þar til Nirvana og Mudhoney voru farnar að spila fyrir mörg þúsund manns á tónleikum og tónlistarhátíðum víða í Evrópu.

Nirvana sendi frá sér sína fyrstu breiðskífu, Bleach, árið 1989. Eftir það var sveitin á allra vörum og sömuleiðis Sub



Pop, sem var orðið merki sem flestir rokkþyrstir tónlistarunnendur þekktu. Pavitt og Poneman sáu líka til þess að útgáfunar hefðu sterk auðkenni, sem fólst meðal annars í því að ljósmyndarinn Charles Peterson tók allar myndir sem prýddu umslög útgáfanna, upptökustjórinn Jack Endino tók allar skífurnar upp og merki útgáfunnar var yfirleitt framan á umslaginu.

### **Ekki með mikið viðskiptavit**

Bleach rokseldist og sömuleiðis aðrar útgáfur Sub Pop og óx fyrirtæki þeirra félaga gríðarlega hratt á stuttum tíma. Starfsmönnum fjölgaði úr sex í 25 á einni nóttu og út á við virtist allt vera á réttri leið hjá útgáfunni. Pavitt og Poneman voru hins vegar ekki með mikið viðskiptavit og voru oftast en ekki búnir að eyða söluágóðanum áður en peningarnir skiluðu sér í kassann og fóru oftast en ekki framúr áætlun. Það kom svo fljótlega á daginn að þeir félagar kunnu ekki að gera fjárhagsáætlanir og því var ekki furða að þeir voru með allt niður um sig þegar kom að því að sjá um fjármál útgáfunnar.

Áfram seldust plöturnar vel og maskínan snerist hratt en





Smelltu til að lesa  
viðtal við Megan  
Jasper í Seattle  
Times

félagarnir kunnu ekki að halda nógu þétt í stjórnartaumana. Nirvana og Mudhoney ákváðu að semja við stærri útgáfu-fyrirtæki um næstu breiðskífur og árið 1991 þyrfti að fækka starfsmönnum útgáfunnar úr 25 niður í sjö. Þegar Sub Pop seldi Nirvana yfir til Geffen samdi fyrrnefnda útgáfan um að hún fengi eitt prósent af söluágóða af plötum Nirvana hjá Geffen þar og nægði það til að fleyta útgáfunni áfram næstu árin. Vinsældir Sub Pop voru upp og ofan allan tíunda áratuginn þó svo að útgáfan sendi frá sér margar góðar hljóm-sveitir, þar á meðal Sunny Day Real Estate, Codeine, Eric's Trip og Sebadoh, en þó jöfnuðust þær ekkert á við vinsældir hennar í byrjun.

### Leiðir skilja

Um miðjan tíunda áratuginn skildu leiðir þeirra Pavitt og Poneman og seldi Pavitt 49 prósentu hlut sinn til Warner Brothers. Þeir töluðust síðan ekki við í mörg ár eftir að leiðir þeirra skildu. Poneman hélt áfram að reyna að stækka útgáfunna og opnaði útibú á nokkrum stöðum en í lok áratugarins var svo komið fyrir útgáfunni að hún var á barmi gjaldþrots, sem og nokkrum sinnum áður. Árið 1998 gekk hin orðhvasa og ákveðna Megan Jasper til liðs við útgáfunna, en henni hafði verið sagt upp ásamt fleirum árið 1991. Með skynsemi, röggsemi og dágóðri fjármálakunnáttu náði hún að snúa slæmu gengi útgáfunnar við og koma henni í núverandi horf. Hún tók þann pól í hæðina að það þyrfti að hampa öllu því sem útgáfan hefði gert á árum áður og að helstu einkennum hennar yrði að halda í hávegum. Jasper lagði líka mikið upp úr því að útgáfan væri skemmtilegur og umhverfisvænn vinnustaður og eyddi drjúgum hluta tekna sinna til góðgerðarmála. Henni fannst æskilegast að útgáfan hefði einar höfuðstöðvar og að hlutirnir yrðu gerðir almennilega þar. Hún stjórnar nú Sub Pop í dag ásamt Jonathan Poneman og hefur þeim aldrei gengið jafn vel og á þessari öld þrátt fyrir að margir segi að tónlistarbransinn standi á brauðfótum.

Á tuttugustu og fyrstu öldinni hefur Sub Pop gefið út fjöldann allan af eftirminnilegri jaðarsveitum nútímans

og má þar nefna sveitir á borð við The Postal Service, The Shins, Fleet Foxes, Wolf Parade, Beach House, Niki & The Dove, Low, Washed Out, Shearwater og grínistana í Flight of the Conchords. Í ár hafa nokkrar af áhugaverðari útgáfum ársins komið út á vegum Sub Pop, svo sem Rose Windows, Washed Out og Pissed Jeans. Íslandsvinirnir í The Notwist (sem spiluðu á All Tomorrow's Parties) munu senda frá sér fyrstu breiðskífu sína fyrir Sub Pop á næsta ári. Það lítur allt út fyrir að framtíðin sé björt hjá Sub Pop og er það gleðiefni á þeim tímum þegar reglulega berast tíðindi þess að tónlistarbransinn sé komin á vonarvöl.





# Gerðu þitt eigið sælgæti

**MATUR**  
Berglind  
Guðmundsdóttir


**Þ**að er skemmtilegt að dunda sér við að gera sitt eigið sælgæti. Hér eru á ferðinni stökkir Snickers-bitar með Rice Krispies, karamellu, sykurpúðum og hnetusmjörssúkkulaðisósu. Svo góðir að einn bitur verður fljótt að tíu og áður en maður veit af er allt búið!

Það er tilvalið að gera þessa þegar maður á von á góðum gestum, nú eða mæta með þá á vinnustaðinn og ná loksins kjöri sem starfsmaður ársins!

## SÆLUGOTT

- 3 msk. smjör
- 280 g sykurpúðar
- 125 ml karamellusósa
- 150 g Rice Krispies
- 130 g salthnetur
- 2 Snickers, söxuð
- 220 g súkkulaðidropar
- 60 g hnetusmjör

- 1 Bræðið smjör og sykurpúða saman við meðalhita. Hrærið karamellusósunni saman við og takið af hitanum.
- 2 Bætið Rice Krispies út í og þekið vel. Látið því næst salthnetur og Snickers út í og blandið varlega saman. Hellið blöndunni í form með smjörpappír og þrýstið henni vel niður með sleif.
- 3 Bræðið súkkulaðidropana og hnetusmjörið saman yfir vatnsbaði eða í örbylgjuofni. Hellið hnetusmjörblöndunni yfir allt og dreifið vel úr.
- 4 Geymið í frysti í 30 mínútur og skerið niður í teninga. Geymist í lokuðu íláti í ísskáp eða frysti.



Tíu prósent  
ágóða af sölu  
bókarinnar  
renna til  
BUGL

Bók Berglindar má  
nálgast á vefnum  
[www.gulurraudur-graennogsalt.com](http://www.gulurraudur-graennogsalt.com)



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Brynjar Níelsson alþingismaður

# Kjark og þor vantar í íslensk stjórnsmál



**B**rynjar Niélsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ekki allra. Það er ekki ofmælt að segja að ákveðnar kreðsur hreinlega þola hann ekki. Það eru enda fáir sem eru tilbúnir að vaða með jafn harkalegum hætti á móti straumi viðtekinnna hugmynda. Hann er líka fyrstur til að viðurkenna að hann sé alls ekki fullkominn maður. „Sem betur fer er ég það ekki. Ég væri ömurlega leiðinlegur ef ég héldi það. En það er þannig að við myndum okkur öll skoðun án þess að hafa alltaf kannað efnið ítarlega. Hún er oftast frekar yfirborðskennnd. Ég á það til að opinbera þessa skoðun. Síðan þegar ég skoða málið almennilega getur sú skoðun síðan breyst, sérstaklega ef fram koma góð rök sem ég áttaði mig ekki á í upphafi.“

Pólitísk réttþugsun fer samt mikið í taugarnar á þingmanninum. Opinberar deilur hans eru oftast við hópa sem Brynjari telur líta svo á, oft í krafti sjálftekinna siðferðislegra yfirburða, að skoðun þeirra sé réttari en önnur. „Það fer alveg hræðilega í taugarnar á mér þegar hópar eða einstaklingar tala mikið um eigin réttlætiskennnd og siðspillingu annarra. Ég er mjög á varðbergi þegar ég heyri svona tal. Þessi réttrúnaður, þegar einhver segist vera fullkomnari en næsti maður. Ofstækið magnast upp þegar verður svona áfall eins og varð hér í hruninu. Það er í raun ekkert nýtt í mannkynssögunni. Áfallið veldur auknum réttrúnaði og fólk fer að stilla sér upp þannig að annaðhvort ertu með mér eða á móti mér. Ég er aðeins að reyna að berjast gegn þessu.“

### **Þekkti engan í flokknum**

Það vakti töluverða athygli þegar Brynjar, sem hafði verið lögmaður í um þrjá áratugi, ákvað að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu alþingiskosningar. Spurður hvað hafi valdið segir Brynjar að honum hafi þótt umræðan vera farin að fara í hættulega átt. Hann hafi ekki getað setið á sér að taka þátt. „Ég er kominn á þennan aldur og var búinn að taka aðeins þátt í stjórnmálaumræðu. Mér fannst umræðan vera farin í átt sem hentaði mér ekki. Hættulega átt. Mér fannst ég ekki geta setið lengur á

„Auðvitað hefur mér stundum fundist menn ganga í þennan flokk án þess að vera hliðhollir grunnhugmyndafræðinni, heldur frekar vegna þess að flokkurinn hafi verið eins og gott vörumerki sem þeir vildu tengja sig við.“

hliðarlínunni. Auðvitað er það ekki algengt að menn fari nýir inn í prófkjör Sjálfstæðisflokksins og komist áfram, sérstaklega þegar þeir hafa ekkert starfað í flokknum og þekkja í raun engan í honum. En þannig var þetta. Ég þekkti ekkert af þessu fólki í eigin flokki. Ég kynntist sumu af því lítillaga í kosningabaráttunni, en það var mjög lítið. Flesta hafði ég aldrei talað við áður.

Ég hef því fengið að heyra það hjá mjög mörgu fólki hér á þinginu að ég sé allt öðruvísi en það hélt að ég væri. Þetta er sú setning sem ég heyri oftast frá fólki, bæði í öðrum flokkum og eigin flokki.“

### **Stjórnámálamenn haga sér eins og embættismenn**

Það kemur mjög fljótt í ljós þegar rætt er við Brynjar að hann telur hugmyndafræði vera á undanhaldi í íslenskum stjórnámálum. Honum finnst of margir stjórnámálamenn vera farnir að haga sér eins og embættismenn. Það sem dregur hann að Sjálfstæðisflokknum er hins vegar sú áhersla á frelsi sem Brynjari finnst enn einkenna flokkinn. „Það hefur alltaf þótt ægilega flott og fínt að segja að Sjálfstæðisflokkurinn sé breiðfylking. Flokkur allra stétta og svo framvegis. En ég upplifi það að það eru mjög mismunandi viðhorf til einstakra málefna innan flokksins. Það hefur hins vegar verið ákveðinn grunnur sem sameinar fólk. Frelsi. Einstaklingurinn, og svigrúm hans, skiptir mestu máli. Auðvitað hefur mér stundum fundist menn ganga í þennan flokk án þess að vera hliðhollir grunnhugmyndafræðinni, heldur frekar vegna þess að flokkurinn hafi verið eins og gott vörumerki sem þeir vildu tengja sig við. Ég hef raunverulega velt því fyrir mér af hverju ég er með þessum eða hinum í flokki.“

Sjálfstæðisflokknum hefur ekki gengið vel í undanförunum kosningum. Raunar hefur útkoma hans verið mjög slök og hann virðist ekki vera að ná fyrri styrk samkvæmt könnunum. Brynjar telur þessa sögu segja sér að hugmyndafræði skipti fólk engu máli lengur. „Ef þú berð Sjálfstæðisflokkinn saman við aðra flokka verður hann að teljast frjálslyndur. En öll umræða virðist snúast um að fólk eigi



### **Utanaðkomandi**

Brynjar segist nánast ekki hafa þekkt neinn innan stjórn málaheimsins þegar hann fór í prófkjör, hvorki í Sjálfstæðisflokknum né öðrum flokkum.



„Það er alls ekki víst að ég muni styðja þær. Ég er náttúrulega ekki búinn að sjá neitt af þessu og lýsti því skýrt yfir fyrir kosningar að ef menn slettu fram óútfærðum tillögum um að taka 300 milljarða króna úr ríkissjóði myndi ég ekki styðja það.“

einhvern rétt gagnvart því að ríkið eða skattgreiðendur sjái fyrir því. Þetta er sérstaklega hugsunin hjá ungu fólki, „hvaða rétt hef ég?“. Þess vegna hefur mér þótt ýmislegt til í því sem Sighvatur Björgvinsson hefur verið að segja [Sighvatur skrifaði fjölmargar greinar í blöð fyrir skemmstu þar sem hann gagnrýndi það sem hann kallaði „sjálfhverfu kynslóðina“]. Það er mikilvægt að halda uppi samfélagi þar sem allir eiga möguleika á að njóta sín og að þeim sem falla á milli skips og bryggju verði hjálpað. Það er ekki þannig að það eigi að henda öllum í djúpu laugina og hver verði að læra að synda með sínu lagi. En þessi hugsun, að ríkið eigi að sjá um mig, er ekki það sama.“

### **Ekki víst að Brynjar styðji skuldaniðurfellingu**

Brynjar gagnrýndi skuldaniðurfellingartillögur Framsóknar-flokksins harðlega fyrir kosningar. Nú er hann orðinn stjórnarþingmaður í ríkisstjórnarsamstarfi með þeim flokki og tillögurnar verða kynntar á allra næstu dögum.

Mörgum hefur þótt Brynjar draga í land í gagnrýni sinni að undanförunu. Hann segir ekki meitlað í stein að hann muni styðja þær tillögur. „Það er alls ekki víst að ég muni styðja þær. Ég er náttúrulega ekki búinn að sjá neitt af þessu og lýsti því skýrt yfir fyrir kosningar að ef menn slettu fram óútfærðum tillögum um að taka 300 milljarða króna úr ríkissjóði myndi ég ekki styðja það. Ég sagði það líka að ef eitt-hvað fengist úr snjóhengjunni inn í ríkissjóð myndi ég nota það með öðrum hætti en að færa niður verðtryggð lán. Ég held að það myndi nýtast fólki betur að losna við sameiginlegar skuldir okkar, skuldir ríkissjóðs, sem kosta okkur tugi milljarða króna í vexti á ári. Ég tel mikilvægara að auka ráðstöfunartekjur alla en að fara í niðurfellingu á skuldum sumra. Þessar skuldir eru líka komnar til með ýmsum hætti.

Eignin mín hefur til dæmis hækkað þrefalt meira en hún var þegar ég keypti 1999. Lánið hefur hækkað um einhverjar milljónir en eignin hefur margfaldast. Á ég síðan að fá niðurgreitt af þessum milljónum sem ég skulda úr sameiginlegum sjóðum landsmanna? Fyrir mér er þetta auðvitað galið. En

„Við verðum bara að þola að einhver verði ríkur. Í dag er hvort tveggja glæpur í augum margra, að græða peninga eða tapa peningum.“

ef það er til önnur lausn sem gerir ekki ráð fyrir því að þetta verði tekið úr ríkissjóði mun ég ekki setja mig á móti henni vegna þess að ég tel nauðsynlegt að staða heimilanna batni.“

### Skilur ekki umboðsmann barna

Í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í síðasta mánuði var gert ráð fyrir hallalausum fjárlögum. Brynjar er þó einn þeirra sem finnst ekki gengið nógu langt. „Það má auðvitað ekki eyðileggja málaflokka og gera þá óstarfhæfa. En það sem ég vil sjá er að útgjöld til ýmissa hluta, sem getur verið gott að hafa, til dæmis eftirlits, verði lækkuð. Við þurfum að skilgreina hvað við höfum efni á miklu slíku. Má ekki leggja sumt af þessu niður? Ég minntist til dæmis á það í þinginu um daginn að það væru litlar stofnanir hér og þar. Ein heitir Umboðsmaður barna. Hún var ekki til fyrir nokkrum árum. Við lifðum alveg af án þess. Það er til umboðsmaður Alþingis. Hann sér alveg jafnt um rétt barna, fatlaðra, aldraðra eða annarra. Hann er umboðsmaður allra. Þess vegna þurfum við ekki sérstakan Umboðsmann barna. Þá segja sumir að þetta kosti bara einhverja nokkra tugi milljóna króna. En það er svo margt sem kostar bara nokkra tugi milljóna og þetta safnast allt saman.“

### Dýr aðgöngumiði

Honum finnst það magn tilskipana frá Evrópusambandinu sem Íslendingar innleiða í lög mjög sérstakt. „Ég er farinn að halda að þetta sé mjög dýr aðgöngumiði að innri markaðnum. Er ekki alveg eins gott að fara bara inn í sambandið? Nú, eða fara bara alveg út úr EES? Ég velti þessu mikið fyrir mér. Af hverju þarf þetta að vera svona til þess að við séum þátttakendur á innri markaðnum? Þarna eru stórar ákvarðanir sem þessi þjóð verður að taka.“

Brynjari finnst líka skorta áherslur á verðmætasköpun. Fara þurfi í aðgerðir til að auka hana. „Við verðum bara að þola að einhver verði ríkur. Í dag er hvort tveggja glæpur í augum margra, að græða peninga eða tapa peningum. Það er hins vegar í eðli opinna og frjálsra samfélaga að tapa



### Tugmilljarðasvigrúm

Brynjar telur mikla möguleika vera á frekari hagræðingu í ríkisrekstrinum. Það sem hægt sé að spara hlaupi á tugum milljarða króna.

og græða. Ég vil sjá að við fjárlagagerð séu í forgangi fjárfestingar sem séu örugglega arðbærar fyrir samfélagið í heild. Ég vil að það sé algjörlega bannað að fjárlög séu sett með halla. Ég vil líka sjá að við treystum einstaklingnum betur. Að hann fái að reka heilsugæslu eða einstaka göngu-deild. Ég held að framleiðnin yrði miklu betri. En sumir eru fastir í að það megi ekki þar. Sama gildir í skólakerfinu. Þar erum við að nota peningana mjög illa. Eiginlega alveg hræðilega.“

Hann telur svigrúmið sem hægt sé að skera niður um hlaupa á tugum milljarða króna. „Það mun auðvitað hafa samfélagsleg áhrif þannig að ég er ekkert á því að það þurfi að fara voðalega bratt í þetta. En við eigum ekki að hætta þegar við náum núlinu í ríkisrekstrinum. Við eigum að halda áfram. Svo er það auðvitað mikið áhyggjuefni að skattgreiðendum fækkar. Bótaþegum hefur fjölgað um 8-13 prósent á ári hverju frá því fyrir hrun. Þetta gengur ekki. Fólki sér ekki hag í því að vinna. Öryrkjar með þrjú börn á framfæri eru með hærri tekjur en þingmaður í sömu stöðu. Það er eitthvað að þessu kerfi og það þarf að fara yfir það.“



## VILL STOFNA ALVÖRU ØKOKRIM-DEILD

Brynjar hefur sett fram beitta gagnrýni á embætti Sérstaks saksóknara og þann árangur sem það hefur skilað. Hann er þó ekki á þeirri skoðun að hér eigi ekki að rannsaka almennilega svokölluð hvítflíbbafrot. „Þvert á móti. Ég hef sagt það við þá hjá Sérstökum saksóknara, og reyndar víðar, að ég vil búa til alvöru ØKOKRIM [efnahagsbrotadeildir á öðrum Norðurlöndum] hérlendis. En ég vil líka að embætti Skatttrannsóknarstjóra sé inni í þeirri deild og nýta peningana þannig betur í stað þess að öll mál séu tvírannsókuð. Kosturinn við Sérstakan saksóknara er að embættið hefur staðið sig vel. Það hefur verið tiltölulega fljótt að rannsaka erfið mál en hefur líka

fengið mikla peninga til þess. Þarna hefur safnast mikil reynsla sem ég vil ekki glata. Þá værum við að henda peningum. Það er tækifæri til að stofna mjög öflugt embætti sem sér um þessi mál.

Ég vil hins vegar sjá að menn hafi þor til að hagræða samhliða því. Að pólitíkin segi „svona verður þetta“ og það sé síðan framkvæmt. Menn hafa til dæmis ekki þorað að leggja niður embætti Ríkislögreglustjóra. Það var hins vegar ekkert til fyrir 1997 og við lifðum öll góðu lífi þrátt fyrir það. Það er vel hægt að færa alla starfsemi Ríkislögreglustjóra til annarra embætta sem fyrir eru og leggja þetta niður.“

### Þurfa að sýna kjark og þor

Að mati Brynjars er það grunnhlutverk stjórnámálanna að taka þessar erfiðu ákvarðanir. Þeir þurfi að sýna kjark og þor. „Ég upplifi einhverja í þessu frekar sem embættismenn en kjörna fulltrúa. Þeir hafa miklar áhyggjur af endurkjöri. Það er kannski eðlilegt enda er það þannig að um leið og menn detta út úr pólitík eru þeir eins og holdsveikir. Mega hvergi vera nema það sé kölluð spilling.“

Það er erfitt fyrir stjórnámálmann að taka þessar kjörkuðu ákvarðanir sem þarf að taka vegna þess að það verða allta einhverjir brjálaðir. En mestu hagræðingar-möguleikarnir eru í þessum velferðarflokkum. Það þarf bara kjark og þor til að taka ákvarðanirnar. Hávaðinn yfirgnæfir hins vegar stundum kjarkinn og þorið og kveður það niður. En hávaði örfárra má ekki verða til þess að skynsamlegar ákvarðanir verði ekki teknar.“





# Þurftafræk frávik

Auður Jónsdóttir skrifar um loftslagsmál og samfélagslega umræðu



É g lenti á spjalli um daginn. Svona rabbi um heimsósómann í skemmtilegu matarboði yfir kraftmiklum pottrétti og glasi af góðu rauðvíni. Ég sat á milli tveggja skrafhreifinna matarboðsgesta svo að boðið var í sjálfu sér eftirminnilegt. En það sem lifir helst í minningunni er orð annars gestsins, sem sagði eitthvað á þá leið að þessar lýðræðisþjóðir – þar sem lágmarks, alhliða mannréttindi fúnkeruðu nokkurn veginn og íbúar hefðu tækifæri til að brauðfæða sig og sína – þær væru í rauninni undantekning frá reglunni. Frávik sem hefði mest lítið með raunveruleika flestra íbúa heimsins að gera.

## Sækópatinn ég

Ég hef verið lengur að melta þessi orð en dýrindis pott-réttinn. Þau hafa setið í mér síðustu daga og valdið ankanna-legri tilfinningu: Mér finnst eins og ég sé ekki í sambandi við raunveruleikann. Tilfinningin er kunnugleg. Þegar ég var barn fann ég stundum fyrir þessari óraunveruleikakennd. Hún fyllti mig ofsahræðslu og ég reyndi að snerta sem flesta hluti til að sannfæra sjálfa mig um að raunveruleikinn væri virkilega sá sami og sá sem mér fannst ég skynja. Mér fannst ég vera eina hugsandi veran, aðrir væru bara tilbúningur, einhvers konar skuggaverur, svo ég gæti þrífist í þessu skrytna leikriti. Kenndin var sérstaklega óþægileg á jólnunum, ég skildi ekkert í fullorðna fólkinu að standa í öllu þessu stússi verandi bara ímyndun mín. Í einhver ár hálfkveið ég jólnunum út af Kenndinni með stóra káinu. Kannski hnussar einhver núna og segir að þetta sé rétt lýsing á sækópat en reyndar þekki ég fleira fólk sem viðurkennir að hafa upplifað svona botnlausu egóskynjun í æsku en virðist ganga heilt til skógar í dag.

## Veruleikafirt fertug kona

Á unglingsárunum hvarf kennin og smám saman þóttist ég skynja hinn eina og sanna veruleika. Þennan sem bara er, frá morgni til kvöld; suma daga óþolandi endurtekningasamur, aðra daga fullur af uppákomum og ævintýrum en þó innan sinna marka. Sá veruleiki býr í skynjun minni og þannig er hann sannur en um leið er hann lygi því hann er í svo litlum tengslum við raunverulegt gangverk heimsins.

Á fullorðinsárum hef ég oftast en ekki talið mér trú um að mín sýn á veruleikann sé sú eina rétta. Að veruleiki konu í millistétt á Íslandi sé hið eina sanna viðmið en veruleiki annarra heimsbúa frávik frá því. Kannski er það einhvers konar sjálfsbjargarviðleitni að laga heimsmyndina að þörfum sínum, nokkuð sem maður gerir umhugsunarlaust. Kannski er það þrá eftir viðurkenningu annarra sem gerir það að verkum að maður þaggar niður í efasemdum og gúðderar ríkjandi heimssýn svokallaðrar millistéttar á Vesturlöndum. Þeirra sem telja forréttindi sín sjálfsgöða arfleifð: vegabréf, menntun og heildstætt heilbrigðiskerfi; fyrir nú utan alla þá margslungnu lífsleikni sem nútímapjöðfélög krefst og börn í góðum félagslegum aðstæðum fá sjálfkrafa tækifæri til að víða að sér.

## Hefðbundið ferli

Annað atvik vakti mig til umhugsunar, aðeins örfáum dögum eftir matarboðið góða. Ég rakst á viðtal við Paul Ramses Odour á DV.is. Mann frá Keníu sem fékk að byggja sér heimili á Íslandi með fjölskyldu sinni, m.a. nýfæddu barni, eftir mikinn fjölmiðlasirkus og öfluga baráttu margra sem vildu leggja honum lið. Á sínum tíma ætluðu yfirvöld að neita Paul um hæli og vísa honum úr landi án þess að umsókn hans hefði verið tekin til efnislegrar umfjöllunar. Þáverandi dómsmálaráðherra gaf í skyn að málið væri í hefðbundnu ferli; ferli sem baráttufólk fyrir mannréttindum sagði að jafngilti því að senda hann út í opinn dauðann. Ástæða viðtalsins var þó líklega annað mál, sem hefur verið í fréttum undanfarna daga, en það er mál Tonys Omos, manns sem kveðst berjast fyrir því að fá að vera hjá ófæddu barni sínu þegar það kemur í heiminn. Afar sérkennilegt mál fyrir þær sakir að svo virðist sem innanríkisráðuneytið hafi látið fjölmiðlum í té persónulegar trúnaðarupplýsingar, m.a. um ástamál og meint hliðarspor, til að klekkja á manni sem leitar réttar síns. Sá gjörningur, einn og sér, burtséð frá máli mannsins, er vægast sagt varhugaverður og raunar ógn við stoðir lýðræðissamfélags. Getum við, þegar þessa lands, búiast við því að yfirvöld afli sér viðkvæmra upplýsinga um okkur, hringi til dæmis í fyrrverandi hjásvæfur og sendi síðan feagnar upplýsingar til fjölmiðla, ef við reynum að leita réttar okkar hjá íslenska ríkinu? Leyfist yfirvöldum að nota ólög-mætar aðferðir til að sýna fram á lögmæti aðgerða?

## „Leyfist yfirvöldum að nota ólög-mætar aðferðir til að sýna fram á lögmæti aðgerða?“

## Dramatísk blæbrigði í túlkun

Þæði þessi málfá mann til að vera á varðbergi þegar einhver opinber starfsmaðurinn ber fyrir sig frasann: hefðbundið ferli. Þá fyrst er eitthvað rotíð í harða disknum hjá viðkomandi.

Það er einmitt ástæðan fyrir því að ég ætla að leyfa mér að efast um, frekar en trúa, að yfirvöld séu samasemmerki við kórréttan lagabókstaf. Í fyrsta lagi er það óskhyggja. Í öðru lagi hlýtur lagabókstafurinn að snúast að einhverju leyti um túlkunargöguleika. Og það er einmitt að einhverju þegns í lýðræðisríki, að taka þátt í samfélagsumræðu sem hlýtur á einn eða annan hátt að hafa áhrif á hvernig dómsvaldið túlkar lög. Blæbrigði í túlkun ráða úrslitum hjá dómara, líkt og hjá konsertpíanista. Þau geta ráðið því hvort manneskja lifir eða deyr. Hvort barn fær að eiga báða foreldra sína eða aðeins annað þeirra. Hvort ófætt barn er sent úti í sýna eða eins eða jafnvel dauðann. Þú, íslenski kjósandi, getur ráðið örlögum þessa barns. Ef þú kærir þig ekki um slíkt vald er það samt sem áður ákvörðun þín að líta undan. Það verður ekki undan því komist. Þannig er raunveruleikinn, þessi sem er svo óþægilegur að hann verður sjálfkrafa óraunverulegur. Nei, það fær varla staðist að nokkur manneskja sé nánast snuðuð um tilverurinn til að seingingu meðan landsinn notar sruðið mannréttindi í sömu setningu og skuldaniðurferlingu.

## Glæpamenn eða ljónshjörta

Paul Ramses þakkaði tveimur drengjum lífgjöfina, þeim Hauki Hilmarssyni og Jason Thomas Slade. Strákvæmi sem gerðu hið óhugsandi, þeir hlupu í veg fjölskyldu þess átti að flytja hann úr landi til Ítalíu og stöðvuðu þannig flugumferð. Athæfi þeirra var vægast sagt brjálæðislegt, mitt í taugaveikluninni örfáum árum eftir Tvíburaturnana þann ellefta níunda. Í raun má segja að þeir hafi teft fram eigin lífi í von um að bjarga Paul. Mörugum blöskraði, aðrir gerðu grín að þeim, kverfið dæmði þá glæpamenn með fjársektum. Ég vissi ekki hvað mér átti að finnast um þetta. Ég var hinná á þeim, mér fannst langtum meira vit í því að skrifa greinar til stuðnings Paul og mótmæla fyrir utan opinberar stofnanir, eins og margir höfðu gert. Ég hallaðist að því að svo geggjáð athæfi hefði þveröfug áhrif. En mér skjátlaðist. Því stundum er kerfið svo öfugsnúið í öllu sínu hefðbundna ferli að það dugir ekkert minna en að gera hið óhugsandi. Eins og þessir drengir gerðu, þessi tvö ljónshjörta og eins og Paul kallar þá í ádurnerfndu viðtali sem bjóstráð ásamt mynd af honum með sinni fallegu fjölskyldu, eiginkonu og tveimur börnum. Í dag starfar hann við hringerningar, styrkir merkilegt uppbyggingarstarf í Kenía og á sér draum um að starfa við að þjálfna börn í fótbolta.

## Sendifulltrúinn og Sigmundur

Svo var það þriðja atvikið sem eflði óraunveruleikakenndina. Það átti sér stað í millitíðinni, kannski daginn eftir matarboðið, nokkrum dögum áður en ég las viðtalið við Paul Ramses.


Það var upptaka af ræðu Yeb Sano, fulltrúa Filippseyja á loftslagsþingi Sameinuðu þjóðaanna í Bandaríkjunum. Maðurinn grátbað þjóðir heimsins að hlusta á viðvörunarorð sín, verandi búinn að horfa upp á þjóðarhamfarir sem má rekja til loftslagsbreytinga. Grátklökkur lýsti hann hörmungunum í heimabyggð sinni, afleiðingum hnattrændar hlýnunar að efni eftir að ágerast hratt að öllu óbreyttu. Það var um svipað leyti, kannski stuttu áður, já, eða stuttu eftir að upptakan birtist – ég man það ekki – ég man bara að um þetta leyti heyrði ég því fleygt að forsætisráðherra Íslands væri að binda vonir sínar við oliuleit á Drekasvæðinu. Einhver þóttist hafa heyrt hann segja eitthvað slíkt í einhverri ræðunni.

## Taktleysi

Það er eitthvað taktlaust við dollaramerkin í augum valdamanns að leita svarta gullsins meðan loftslagsbreytingar af taktlausum olíuvinnslu eyða beinlínis heilu byggðunum. Álíka taktlaust og að horfa á yfirvöld óhrædd með um til að styrkja málflutning sinn í máli berskjaldaðs manns og það áður en dómsúrskurður hefur fallið í máli hans. Álíka taktlaust og að horfa á lögregluna handtaka ellilífeyrisþega í Gálgharæuni áður en dómstólar hafa endanlega skorið úr um réttmæti framkvæmda sem hann viðhefur tjáningu gegn. Álíka taktlaust og uppástaraformann sjárlaganefndar að skera niður fé til þróunarhjálfar. Það er eitthvað mikið að íslenskum kjósendum fyrst stjórnmöld geta leyft sér að sýna umheiminum, umhverfinu og dómstólum þjóðarinnar svo gegndarlausu fyrirliðningu. Það mætti ætla að kjósendur hafi gleymt því að þeir hafi vald. Kannski er það einmitt ætlun valdamanna. Því aðeins þannig geta hlutirnir haldist í hefðbundnu ferli. Hefðbundna ferli er þá svohljóðandi: Íslendingar finna olíu meðan milljónir þessara heimili sín vegna loftslagsbreytinga en um leið fá Íslendingar að beita öllum tiltækum ráðum til að halda hælisleitendum utan landhelgi. Comprendes?

## Konan með hallærislegu klippinguna

Það er margt ólýsandi ófugsnúði í sjú þessu svokallaða hefðbundna ferli. Í rauninni allt sem skiptir máli. Allt þetta sem er svo lygilega skrytið að það getur ekki verið raunverulegt, ekki frekar en jólnin í augum barns. Það er best að snerta ekki neitt, hvorki á umhverfis- né mannúðarmálum, heldur lifa í þeim veruleika sem valdhafar ætlast til af okkur: loftkenndin en ofsakryttum eins og jólatréður heima hjá barninu. Sitja þróðmannlega við veisluborð Vesturlanda og bíða eftir kræsingu. Því ef við efumst eitt augnablik grípur um sig ofsahræðsla og það má ekki. Við verðum að vera í hefðbundnu ferli. Annars er hætta á að einhver við veisluborðið standi upp, láti klingja í glasi og segi að konan, þarna með hallærislegu níu-Evru-klippinguna, sé hálsmálinu sé eilífðarvæðingur sem skilji ekki raunveruleikann heldur trúu sessunautnum þegar hann fullyrðir að við séum frávik. Þurftafræk frávik.



**UM HÖFUNDINN**  
Auður Jónsdóttir er rithöfundur og skrifar reglulega pistla í Kjarnann.



## Jól bragðlaukanna hefjast 20. nóvember á Sjávargrillinu

**Jólagrillpartí Sjávargrillsins** - Harður pakki fullur af mykt, fjöllaga góðgæti sem skilar hinni sönnu upplifun yls, friðar og allsnæga. Afgreitt fyrir borðið í heild. Verð 8.700 á mann.

**Sælkerapakkinn Sjávargrillsins** - fjöggra rétta hátíðarblanda fjölbreytileika og ferskra hugmynda í bland við hefð. 7.900 á mann.

**Litlujólín** - í hádeginu eru litlujólín sem reyndar eru fullvaxin briggja rétta jólaveisla, forréttur er jólaplatti aðalréttur, kjöt- eða fiskitvenna og í eftirrétt, ris ála mandé með heltri karamellusósu með jólabragði.

**Fílubomba og fínmeti** - Skótuilmurinn liðast upp eftir Skólavörðustígnum á Þorláksmessu 11:30 til 16:00 Verð 4.900 á mann  
**Pantið tímanlega**, nú þegar farið að þéttast í árlega Skótuveislu Sjávargrillsins.



SKÓLAVÖRÐURSTÍGUR 14 • 101 Reykjavík  
www.sjavargrillid.is • Sími 571 1100

**Opnunartími yfir hátíðarnar.**

23. des 11:30-16:00 & frá 17:00

24. & 25. des lokað 26. des frá 17:00

31. des 11:30-16:00 & frá 17:00 1. jan frá 17:00



# Hefðahelgun á Alþingi

Birgitta Jónsdóttir þingmaður Pírata skrifar



**Þ**egar mér var falið það mikilvæga hlutverk að vera fulltrúi kjósenda á Alþingi var ég svo heppin að hafa ekki hugmynd um flest það sem kallað er hefðahelgað á vinnustaðnum mínum. Það sem ég vissi um og fannst galið, tja, ég lét eins og ég vissi ekki af því, til þess að losna undan viðjum hefða sem hafa ekki gert neitt gagn nema að slá ryki í augu almennings. Eitt af því sem mér finnst galið er að stilla fólki alltaf upp í fylkingarnar stjórn og stjórnarandstaða. Ástæða þess að mér finnst það galið er að það þýðir að hægt er að koma fram með sorglegan áróður eins og hæstvirtur forsætisráðherra ber nú á borð þjóðarinnar ítrekað.

Sigmundur Davíð hefur gefið sér það að hin svokallaða stjórnarandstaða ætli að bregða fyrir hann fæti sama hve góðar og gegnheilar hugmyndir hann mun leggja fram. Hann óttast að þessi skelfilega andstaða muni eyðileggja heimsmetið hans í upprisu millistéttarinnar. Þarna gerist ráðherrann og forustusauðurinn ungi sekur um að mana fólk í andstæðar fylkingar áður en búið er að leggja neitt raunverulegt fram. Þetta er sérkennilegt og fær ekki staðist skoðun. Það hefur nefnilega komið ítrekað fram í ræðum á

Alþingi að við bíðum öll jafn spennt og þeir sem kusu Framsókn að sjá þessa tilraun til að efna loforðin þeirra fyrir kosningar og að sjálfsögðu er enginn að vona að það sé ekki hægt að hjálpa fólki í sárri neyð.

„Ég velti fyrir mér hvenær við sem erum inni á þingi hættum í hlutverkaleiknum og förum að haga okkur eins og manneskjur í stað þessa hanaats.“

## Málefni fram yfir flokka

Ég hef tamið mér að vinna út frá málefnum frekar en því hvaða flokki fólk tilheyrir. Ég hef átt mjög góða samvinnu með þingmönnum frá öllum flokkum, bæði á síðasta kjörtímabili og núna. Ég hef aldrei viljað láta kalla mig stjórnarandstæðing og lít ekki þannig á mig. Það er hlutverk mitt að veita aðhald, hvort heldur það er gagnvart meiri- eða minnihluta, og kalla eftir stuðningi frá almenningi þegar eitthvað er að fara úrskaiðis á þinginu. Stundum er tekist hart á í hinum pólitíska boxhring og margur fer þaðan blóðugur með óbragð í munn. Oftast eru málin þó unnin þverpólitískt og nauðsynlegar úrbætur á lögum renna í gegn án mikilla átaka.

## Búinn að gleyma síðasta kjörtímabili?

Ég velti fyrir mér hvort forsætisráðherrann hafi gleymt því hvernig hann lét á síðasta kjörtímabili og var að því mér virtist misboðið. Af hverju tekur hann svona persónulega því aðhaldi sem hann stóð sig svo vel í að veita fyrrverandi forsætisráðherra þegar hann skilgreindi sig sem höfuðstjórnarandstæðing? Ég velti fyrir mér hvenær við sem erum inni á þingi hættum í hlutverkaleiknum og förum að haga okkur eins og manneskjur í stað þessa hanaats.

Sigmundur Davíð, þú lofaðir heimsmeti og við bíðum öll spennt. Ef útfærslan verður þannig að þú standir við loforðin mun enginn standa í vegi fyrir því. Ef þú ætlar þér að leggja fram eitthvað sem er hálfkák er hins vegar ljóst að þingið þarf að veita þér aðhald og það ættir þú af öllum mönnum að vera meðvitaður um.



**UM HÖFUNDINN**  
Birgitta Jónsdóttir er þingmaður og kapteinn fyrir Pírata og stjórnarformaður Alþjóðastofnunar um upplýsinga- og tjáningarfrelsi.



# Óaðgengileg lög um neytendalán

Tómas Hrafn Sveinsson skrifar um ný lög um neytendalán



**L**ögin eiga að vera aðgengileg þannig að hver sem þess óskar geti kynnt sér efni þeirra og hagað sér eftir þeim. Af þeim sökum verða þau að vera skýr og skiljanleg og því er mjög mikilvægt að vandað sé til verka við undirbúning þeirra.

Ný lög um neytendalán tóku gildi 1. nóvember síðastliðinn. Markmið þeirra er að auka réttarvernd neytenda. Fyrir fram má búast við að lög um þennan málaflokk séu sérstaklega skýr og aðgengileg, þar sem neytendur eiga væntanlega, og vonandi, eftir að lesa þau og kynna sér efni þeirra. Lagatextinn er á hinn bóginn ekki neytendavænn.

## Takmarkanir á gildissviði (og skýrleika)

Við lestur laganna er strax í upphafi komið að hindrun. Í 2. gr., sem heitir Takmarkanir á gildissviði, koma fram tvö óaðgengileg ákvæði. Fyrsta málsgreinin er svona:

Um yfirdráttarheimild, sbr. t-lið 5. gr., sem greiða þarf innan þriggja mánaða eða þegar lánveitandi krefst þess, gilda aðeins 1.–5. gr., 1. mgr. 6. gr., a–c-liður 2. mgr. 6. gr., 1.–3. mgr. 8. gr., 9.–11. gr., 1., 4. og 5. mgr. 12. gr., 14. gr., 17. gr., 19. gr., 21.–22. gr. og 26.–36. gr.

Þarna eru strax í 2. gr. laganna taldar upp margar greinar laganna sem aðeins gilda um tiltekna yfirdráttarheimild. Ég óska engum þess að hafa slíka yfirdráttarheimild og þurfa að leita uppi þessi ákvæði sem aðeins gilda um hana.

Enn flóknara ákvæði er að finna í 3. mgr. 2. gr. laganna, þar sem vísað er til þeirra ákvæða sem gilda aðeins um skilmálabreytingu láns.

*Ákvæðið er svohljóðandi:*

[...]1.–6., 8., 9. og 11. gr., 1. mgr. 12. gr., a–i-liður 2. mgr. 12. gr., l-liður 2. mgr. 12. gr., r-liður 2. mgr. 12. gr., 4. mgr. 12. gr., 13. gr., 15. gr., 18. gr., 20.–22. gr. og 26.–36. gr., en ekki önnur ákvæði laga þessara, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a. slíkt fyrirkomulag er líklegt til að koma í veg fyrir mögulegan málarekstur vegna vanskila og

b. neytandi þarf ekki að hlíta óhagstæðari skilmálum en þeim sem er mælt fyrir um í upphaflegum lánsamningi.

„Í lögnum eru ekki aðeins fjölmargar flóknar tilvísanir í aðrar greinar laganna heldur er þar að finna ótrúlega margar upptalningar.“

Þetta ákvæði er mun flóknara, þar sem hér þarf að athuga sérstaklega hvort tvö matskennd skilyrði í staflíðum a og b eigi við. Ákvæði eins og þetta eykur flækjustig laga til muna, svo ekki sé dýpra í árinna tekið.

## Margir staflíðir og fjöldi málsgreina

Í lögnum eru ekki aðeins fjölmargar flóknar tilvísanir í aðrar greinar laganna heldur er þar að finna ótrúlega margar upptalningar. Mikið magn staflíða og málsgreina gerir lögin einstaklega illlæsileg og flókin. Tökum dæmi:

- Í 1. mgr. 3. gr. eru 10 staflíðir, a–j.
- Í 1. mgr. 5. gr. eru 20 staflíðir, a–t.
- Í 2. mgr. 6. gr. eru 6 staflíðir, a–f.
- Í 4. mgr. 7. gr. eru 19 staflíðir, a–s. (7. gr. inniheldur heilar 10 málsgreinar)
- Í 2. mgr. 8. gr. eru 12 staflíðir, a–l. (8. gr. er 8 málsgreinar).
- Í 2. mgr. 12. gr. eru 22 staflíðir, a–v.
- Í 5. mgr. 12. gr. eru 9 staflíðir, a–i.
- Í 1. mgr. 14. gr. eru 6 staflíðir, a–h.
- Í 1. mgr. 30. gr. eru 24 staflíðir, a–x.

## Úrskurðar- og réttarúrræði?

Sérstaka athygli vekur ákvæði 2. mgr. 33. gr. laganna. Það er ekki vegna óskýrleika (miðað við það sem áður hefur verið nefnt) heldur er það óframkvæmanlegt fyrir ákveðna aðila. Þar stendur:

„Neytendur geta skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengda neytendalánnum til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Lánveitendum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þeir lánveitendur sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra.“

Lánveitendur eiga ekki allir aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Það er vegna þess að það eru ekki allir lánveitendur fjármálafyrirtæki. Til dæmis eru lífeyrissjóðir ekki fjármálafyrirtæki. Þeir eru því eðlilega ekki aðilar að þessari úrskurðarnefnd og gætu ekki verið aðilar þótt þeir vildu það.

Úrskurðarnefndin varð til samkvæmt samkomulagi á milli viðskiptaráðuneytisins, Sambands íslenskra viðskiptabanka, Sambands íslenskra sparisjóða, Samtaka verðbréfafyrirtækja, Sambands lánastofnana og Neytendasamtakanna. Samþykktir sem liggja til grundvallar úrskurðarnefndinni eru frá árinu 2000. Þessum samþykktum þyrfti að breyta svo að lífeyrissjóðir yrðu aðilar að þessari úrskurðarnefnd.

Með setningu 2. mgr. 33. gr. laga um neytendalán brjóta lífeyrissjóðir sjálfkrafa gegn ákvæðinu vegna þess að þeim er ómögulegt að fylgja því.

Í lögnum er því ekki aðeins að finna flókin ákvæði og fjölmargar (þreytandi) upptalningar heldur eru þar ákvæði sem eru óframkvæmanleg fyrir vissa aðila. Eigi lögin að vera neytendum til hagsbóta verða þeir að geta beitt þeim fyrir sig í lögskiptum við lánardrottna sína, helst án aðstoðar sérfræðinga.

## Lög eiga ekki bara að vera fyrir sérfræðinga

Nýju lögin um neytendalán eru þörf og tímabær enda hefur orðið mikil þróun á þessu réttarsviði síðan gömlu lögin frá 1994 tóku gildi. Lög sem hafa það að markmiði að auka réttarvernd neytenda eru jákvæð. Nýju lögin eru hins vegar langt í frá jafn ljós og afdráttarlaus eins og gera má kröfu um þegar um þennan málaflokk er að ræða. Lögin eru vægast sagt erfið yfirferðar og í raun illskiljanleg öðrum en þeim sem vinna við að túlka þau, t.d. lögfræðingum.

Þessi lagasetning er bagaleg í ljósi þess að Alþingi var ekki aðeins að setja lög um tæknilega útfærslu, sem ná einungis til fáeinna útvalinna sérfræðinga, heldur undirstöðureglur um lán allra neytenda. Um verulega hagsmuni er að ræða.



**UM HÖFUNDINN**  
Tómas Hrafn Sveinsson  
hrl. hjá Bonafide og aðjúnkt í skaðabóta-rétti við lagadeild Háskóla Íslands.



# Ríkisútgjöld og framtíð velferðar

Indriði H. Þorláksson heldur áfram að rýna í stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum



**I**þremur greinum í Kjarnanum er fjallað um áhrif af niðurskurði ríkisútgjalda, sem boðaður er í frumvarpi til fjárlaga. Þegar hefur verið fjallað um efnahagsleg áhrif niðurskurðar og áhrif hans á velferðarkerfið. Í þessari síðustu grein er horft til framtíðar.

Í fyrri hlutunum var gerð grein fyrir neikvæðum áhrifum niðurskurðar á efnahagsþróun og bent á að sá samdráttur velferðarþjónustu sem hann myndi valda væri í andstöðu við almenna afstöðu í samfélaginu og yfirlýsingar stjórnmalá-manna. Í þessum síðasta hluta verður rætt um nauðsyn þess að snúa af þessari braut og hefja uppbyggingu velferðar-kerfanna og hvernig unnt er að fjármagna þá breytingu.

### III. Endurreisn velferðarkerfisins og fjármögnun hennar

Samneysla hefur verið dregin mikið saman í þeim tilgangi að ná tókum á ríkisfjármálum eftir yfirtöku ríkisins á skuldum fjármálastofnana og hruns á tekjustofnum þess. Með enduruppbyggingu þeirra hefur tekist að skapa jafnvægi í ríkisbúskapnum. Eftir standa vaxtagreiðslur af auknum skuldum ríkisins og nema þær 2–3% af VLF. Niðurskurður samneyslu hefur verið meiri og í fjárlögum er stefnt að því að draga hana saman enn frekar um ca 3% af VLF á kjörtímabilinu með hörmulegum afleiðingum fyrir velferðarkerfin og efnahagslífið.

Í stað blinds niðurskurðar ætti nú að stefna að því að frumútgjöld til samneyslu verði á næstu árum aukin í það sem þau voru á árunum fyrir hrun. Til þess þurfa þau að hækka um ca 3% af VLF eða um ca 50 milljarða króna á þessu tímabili. Hækkun um 25 milljarða króna, ca 1,5% af VLF, ætti að koma þegar á næsta ári og ríkisútgjöldin síðan að hækka um 0,5% af VLF á ári eftir það þar til þau væru orðin um 29% af VLF eins og þau voru að jafnaði á árunum 2005–2008. Með þeirri hækkun yrði ekki aðeins hægt að bjarga þeirri velferðarþjónustu sem stendur nú höllum fæti; hún myndi einnig leiða til aukinnar eftirspurnar í hagkerfinu, minna atvinnuleysis og aukins hagvaxtar.

### Fjármögnun aukinnar almannaþjónustu

Halli á ríkissjóði vegna aukinna útgjalda kann að skila

mestum hagvexti til skemmri tíma lítið en er varasamur því skuldir ríkissjóðs eru háar og vaxtabyrðin mikil. Aukin útgjöld þarf því að jafna með auknum tekjum. Hefðbundin skattheimta – tekjuskattar og almennir skattar á vöru og þjónustu – er að vísu minni en hún var á árunum fyrir hrun en óráðlegt er að auka hana, þar sem hún kynni að draga úr eftirspurnaráhrifum aukinna útgjalda. Aðrir tekjumöguleikar eru þó til staðar sem ekki aðeins nægja til

að standa undir umræddum auknum útgjöldum haldur hafa einnig aðra ótvíræða kosti. Ísland býr yfir náttúruauðindum sem aðeins að takmörkuðu leyti hafa verið nýttar til hagsbóta hinum almennu borgurum. Með því að sanngjarn hluti af umframardi af fiskveiðum og raforkuvinnslu renni til þjóðarinnar og með frekari jöfnun skattbyrði má afla fjár til að standa undir endurreisn velferðarkerfisins án þess að frekari byrðar séu lagðar á almenning.

### a) Auðlindagjald í sjávarútvegi

Sjávarútvegur á Íslandi skilar miklum hagnaði umfram rekstrarkostnað, vexti og eðlilega ávöxtun þeirra fjármuna sem í honum eru bundnir. Þessi umframhagnaður hefur verið um 40 milljarðar króna á ári síðustu árin. Þetta er renta af fiskveiðiaudlindum í eigu þjóðarinnar og er tilkomin vegna ákvarðana samfélagsins um að vernda fiskstofnana. Aukning rentunnar síðustu árin er fyrst og fremst vegna gengislækkunar íslensku krónunnar, sem um leið skerti hag heimila í landinu með hækkun verðs á innflutningi. Það er ekki óhófleg krafa að þjóðin fái a.m.k. 75% af þessari eign sinni til sameiginlegra nota. Eftir að tekið hefði verið tillit til byggðasjónarmiða ætti auðlindagjald í sjávarútvegi að geta skilað um 25 milljörðum króna árlega í ríkissjóð á meðan gengi íslensku krónunnar er svipað og nú, eða um 15 milljörðum króna meira en gert er ráð fyrir í fjárlögum.

### b) Auðlindagjald fyrir raforku

Orkan í fallvötnum og jarðhita er önnur auðlind í eigu þjóðarinnar. Tekist hefur að hagnýta hluta hennar fyrir heimilin í landinu en 80% framleiddrar raforku eru nú seld erlendum aðilum án þess að skilja hér eftir teljandi arð. Auðlindarenta sem þannig er flutt úr landi gæti verið um 40 milljarðar króna. Sé þjóðinni ætlaður svipaður hluti af orkurentunni og fiskveiðirentunni gerir það um 25 milljarða króna. Vegna samninga um stóriðju verður þessi auðlindarenta ekki innheimt beint og því þarf að breyta á næstu árum. Þangað til verður að beita öðrum ráðum og hækka orkuskattinn í stað þess að fella hann niður, en álverin borga um 80% af honum. Þótt innlendum orkukaupendum yrðu bættar hækkunir vegna orkuskattsins stæðu samt eftir um 20 milljarðar króna á ári.

### c) Jöfnun skattbyrði með auðlegðarskatti

Á síðustu árum hafa eignir safnast á hendur fárra. Nærrí 50% nettóeignar í landinu eru í eigu 2–3% þjóðarinnar. Þessi auðsöfnun hefur að verulegum hluta orðið til í skjóli einokunar m.a. kvótakerfisins og í þann hóp hafa á síðustu árum bæst fjármálamenn sem gátu sópað til sín eignum áður en skuldugar brunarústir fjármálastofnana voru afhent-

ar almenningi. Tekjur af þessum eignum eru þess eðlis að þær bera ekki útsvar, eru undanþegnar skatti, falla undir skattfrestun-arákvæði og/eða eru skattlagðar í lægra þrepi en almennar tekjur. Skattbyrði þessa fámenna hóps er þess vegna minni en hjá flestum öðrum. Auðlegðarskattur, eins og lagður hefur verið á nokkur síðustu ár, er nauðsynleg viðbót við tekjuskatta til þess að ná fram sanngjarnari dreifingu beinna skatta. Þótt látið hafi verið í veðri vaka að skattur þessi leggist helst á stafkerlingar

sýna staðreyndir að hann kemur fyrst og fremst úr vösum sægreifa og fjármálaspekúlanta. Sé þessum skatti viðhaldið í stað þess að fella hann niður gæti hann gefið ríkissjóði 8–10 milljarða króna tekjur á ári.

### d) Tekjur af auknum umsvifum

Tekjuöflunin sem nefnd hefur verið yrði rúmlega 40 milljarðar króna á ári þegar hún væri komin að fullu til framkvæmda. Við þá fjárhæð má bæta tekjum af auknum umsvifum í efnahagslífinu. Í stað samdráttar og lækkunar á tekjum ríkisins, myndu aukin ríkisútgjöld leiða til aukinna efnahagsumsvifa og hærri skatttekna. Útgjaldaaukningin er fjármögnuð með sköttum, sem ekki draga úr neyslu eða umsvifum hér á landi. Má því gera ráð fyrir að áhrif á umsvif í efnahagslífinu verði áþekkt því sem vera myndi með lánsfjármögnun. Í skrifum AGS og fleiri um það efni er talið að vöxtur VLF verði þá a.m.k. 30% meiri en sem svarar hinum auknu útgjöldum. Hækkun ríkisútgjalda um 3% myndi þá leiða til um 4% hækkunar á VLF, sem aftur leiðir til hækkunar á skatttekjum ríkis og sveitarfélaga um ca 1,5% af VLF. Þannig má ætla að tekjur ríkisins myndu hækka um nærrí 20 milljarða króna. (Vegna þekktra veikleika í fjárlaga-frumvarpinu, skattlagningar þrotabúa og vaxtalækkunar á Seðlabankaláni er óvarlegt að reikna með þessari fjárhæð að fullu til nýrra útgjalda).

Ljóst er að fjármagna má aukin ríkisútgjöld til að tryggja stöðir velferðarkerfisins án þess að það komi niður á hinum almenna borgara. Þessi leið til að endurreisa velferðarkerfið myndi auka umsvif í hagkerfinu, draga úr atvinnuleysi og auka hagvöxt auk þess að færa þjóðinni réttmætan hluta af arði af auðlindum hennar og stuðla að sanngjarnari dreifingu skattbyrði.

### Stefnuleysi og hentifræði

Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2014 og langtímaáætlunin fyrir árin 2015–2017 einkennist af stefnuleysi og þröngsýni. Engin viðleitni er til þess að meta stöðu ríkisfjármála og móta hlutverk þeirra í efnahagsmálum með röklegum hætti. Fræðileg þekking á gagnkvæmum áhrifum ríkisfjármála og efnahagslífs er sniðgengin og enginn lærdómur er dreginn af reynslu síðustu ára og áratuga. Hugmyndaheimur frumvarpsins er brauðmolakenning ameríska teboðsins. Sú henti-stefna í ríkisfjármálum mun draga úr hagvexti og viðhalda atvinnuleysi. Með henni er stefnt að soun tugmilljarða verðmæta sem ella hefði verið hægt að nota til uppbyggingar á innviðum samfélagsins á mörgum sviðum. Með henni er lagt á sveif með ójöfnuði; almannaheill er fórnad á altari sérhagsmuna.

Stefnuleysið birtist einnig í því að í frumvarpinu er hvorki að finna mat á stöðu helstu verkefna ríkisins né framtíðarsýn fyrir þau. Með lepp fyrir bæði augu er horft á velferðarkerfin líðast niður og engin tilraun er gerð til að horfa til framtíðarþróunar samfélagsins og þarfa þess. Með velferðar-samfélaginu hrynja undirstöður framfara. Án skilvirks heilbrigðiskerfis og góðra almannatrygginga vill enginn búa hér, án menntakerfis vaxa hér engir sprotar.



**UM HÖFUNDINN**  
Indriði H. Þorláksson

fyrrverandi ríkis-skattstjóri og ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu

„Á síðustu árum hafa eignir safnast á hendur fárra. Nærrí 50% nettóeignar í landinu eru í eigu 2–3% þjóðarinnar.“

„Ljóst er að fjármagna má aukin ríkisútgjöld til að tryggja stöðir velferðarkerfisins án þess að það komi niður á hinum almenna borgara.“



# Útgerðin innan EES: Ísland í sókn, Noregur í vörn?

Torben Foss skrifar um sjávarútveg Þórólfur Matthíasson þýddi



## 1. Spurningar vakna

Þegar litið er til stöðu sjávarútvegs meðal annarra atvinnugreina í Noregi og á Íslandi nú og svo fyrir 20 til 30 árum vakna hjá mér spurningar sem mér finnst ástæða til að deila með fleirum. Sjávarútvegurinn hefur gengið í gegnum mikið umbreytingarskeið á þessum tíma í báðum löndunum. Ég spyr mig til dæmis: „Hver er ástæða þess að hagþróun á einum stað verður önnur en á öðrum stað þrátt fyrir að ytri aðstæður virðist líkar?“; „Hver er ástæða þess að atvinnugrein sem stunduð er við svipaðar aðstæður í tveimur löndum þróast með mjög ólíkum hætti í löndunum tveimur?“ Spurningum af þessum toga verður ekki svarað af viti í atgangi umbreytingarskeiðs. Fjarlægð í tíma auðveldar að fá yfirsýn og skilning.

## 2. Varanleg undanþága frá fjórfrelsinu á sjávarútvegs-sviðinu

Hugum fyrst að bakgrunni og drifkrafti þróunar sjávarútvegs á Íslandi og í Noregi undangengin 20-30 ár. Með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið áttu sér stað byltingarkenndar breytingar á ytri umgjörð sem sjávarútvegur bæði á Íslandi og í Noregi bjó og býr við. Ísland og Noregur fengu samning á sjávarútvegs-sviðinu þar sem bæði lönd fengu varanlegar undanþágur frá fjórfrelsinu, frá sjálfum grunnforsendum sem EES-samningurinn byggir á. Samningsferlið var býsna óreiðukennt þannig að það tók Íslendinga og Norðmenn talverðan tíma að átta sig á þessi væri staðreyndin. Það er mikilvægt að undirstrika þetta. Allir sem hafa einhvern tíma staðið í samningum við Evrópusambandið vita að varanlegar undanþágur frá grunnforsendum eru harðsottar. En dæmi Íslendinga og Norðmanna hvað varðar sjávarútvegskafinn í EES-samningnum sýnir að það er ekki ómögulegt að ná fram varanlegum undanþágum. Og ekki bara það: Samningurinn er ósamhverfur (n. asymmetrisk) svo notað sé hið lögfræðilega hugtak: Norsk og íslensk fyrirtæki, norskir og íslenskir einstaklingar geta fjárfest að vild í útgerð í Evrópusambandinu. En borgurum annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu er meinað að eiga meirihluta í norskum eða íslenskum útgerðar-fyrirtækjum. Með öðrum orðum eru hömlur á fjárfestingum borgara annarra EES-landa í útgerð á Íslandi og í Noregi meðan Íslendingar og Norðmenn geta fjárfest að vild í löndum EES. Það er í raun ótrúlegt að atvinnusamningamenn Evrópsambandsins hafi gengist inn á þessa niðurstöðu.

„Norsk og íslensk fyrirtæki, norskir og íslenskir einstaklingar geta fjárfest að vild í útgerð í Evrópusambandinu. En borgurum annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu er meinað að eiga meirihluta í norskum eða íslenskum útgerðar-fyrirtækjum.“

g grunnforsendum eru harðsottar. En dæmi Íslendinga og Norðmanna hvað varðar sjávarútvegskafinn í EES-samningnum sýnir að það er ekki ómögulegt að ná fram varanlegum undanþágum. Og ekki bara það: Samningurinn er ósamhverfur (n. asymmetrisk) svo notað sé hið lögfræðilega hugtak: Norsk og íslensk fyrirtæki, norskir og íslenskir einstaklingar geta fjárfest að vild í útgerð í Evrópusambandinu. En borgurum annarra landa á Evrópska efnahagssvæðinu er meinað að eiga meirihluta í norskum eða íslenskum útgerðar-fyrirtækjum. Með öðrum orðum eru hömlur á fjárfestingum borgara annarra EES-landa í útgerð á Íslandi og í Noregi meðan Íslendingar og Norðmenn geta fjárfest að vild í löndum EES. Það er í raun ótrúlegt að atvinnusamningamenn Evrópsambandsins hafi gengist inn á þessa niðurstöðu.

## 3. Íslenskir fjárfestar nýta möguleikana

Íslenskir fjárfestar hafa nýtt sér þá möguleika sem samningurinn opnar á útgerðarsviðinu. Þekkingu og reynslu af að reka útgerð með hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi tóku þeir með sér til annarra landa í EES. Það hefur gefist mjög vel. Fyrirtækin sem þeir hafa keypt sig inn í eru arðbær og skapa sjálfsagt einnig mörg atvinnutækifæri á Íslandi. Þeir eru til sem velta fyrir sér hvort það sé eðlilegt markmið að liðka til fyrir fjárfestingu í útgerð utan eigin landsteina. Sú vanga-velta á lítinn rétt á sér. Útgerð er eins og hver annar atvinnurekstur og á kröfu á að búa við sömu reglur og sömu þróunarmöguleika og allur annar atvinnurekstur. Það er ekkert í eðli útgerðar sem kallar á sérmeðhöndlun. Sé vilji til þess í einhverju landi að nota ákveðna tilvinnugrein til að halda upp búsetu á tilgreindum svæðum eða tilgreindum stöðum er að sjálfsögðu hægt að gera það en ekki ætti að þrengja meira að atvinnugreininni en nauðsynlegt er. Engin atvinnugrein ætti að vera að eilífu dæmd til að standa utan nútíma iðnvæðingar sem einhvers konar „frumbyggjaldja“ (n. artisanal).

## 4. Gamaldags skipulag sjávarútvegs í Evrópu dýrt fyrir frumframleiðendur

Það er mikil uppsöfnuð þörf fyrir að þetta og bæta uppbyggingu evrópsks sjávarútvegs með fækkun söluaðila sjávarafurða. Kaupendur sjávarafurða eru fyrst og fremst stórar verslanakeðjur, þannig að á kaupendahlið ríkir fákeppni. Framboð próteins úr sjávarfangi er afar takmarkað. Það er umhugsunarefni að þrátt fyrir það hefur raunverð á sjávarafurðum lítt eða ekkert hækkað undanfarin ár. Verðhækkunar á sjávarafurðum hafa fylgt almennri verðþróun og spár Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO) gefa ekki tilefni til að ætla að breyting verði þar á á næstu árum. Undantekning hvað varðar verðlagsþróun er að finna í ufsa. Uppkaup og sameiningar urðu til þess að evrópskum útgerðum sem veiða ufsa fækkaði og verð hækkaði og virðist ætla að haldast hátt áfram.

## 5. Norsk útgerðir heimakærar

Norskar útgerðir sóttu ekki út á grundvelli EES-samningsins eins og þær íslensku gerðu. Á þeim 20 árum sem liðin eru frá undirritun EES-samningsins hafa norskar útgerðir beint kröftum að innra starfi, keypt kvóta og endurskipulagt. Undantekningar eru tvær eða þrjár veikburða tilraunir til sóknar út á við.

Hver er ástæða ólíkrar þróunar? Því er ekki auðvelt að svara. Því erður ekki haldið fram að norskar útgerðir séu áhættufælir í eðli sínu. Norskar útgerðir voru virkir þátttakendur í veiðum við Ísland og Grænland (snemma á 20. öld). Þar var bryddað upp á nýjungum sem engin víska var fyrir að gengju upp. Norskt fiskeldi er skilgetið afkvæmi norskrar útgerðar. Norskt fiskeldi hefur frá 1991 tekið hvert risaskrefið á fætur öðru á erlendum vettvangi. Bergen er nú

miðstöð laxeldis á heimsvísu og þaðan hafa norsk eldisfyrirtæki komið upp starfsstöðvum í Síle, Kanada, Skotlandi og Írlandi auk Færeyja.

## 6. Íhaldssöm túlkun norskra stjórnvalda á gildissviði varanlegu undanþágunnar til trafala?

Hugsanlega er afstaða norskra stjórnvalda þvert á þá afstöðu Íslenskra stjórnvalda að EES-samningurinn náði ekki til matvæla upprunninna úr sjó, hvort heldur um sé að ræða villtan fisk eða eldisfisk. Afstaða norskra stjórnvalda er þá að allt sem líti að fiski, villtum og úr eldi, sé að finna í Viðauka 9. Þetta er sjónarmið sem skapar alls konar vandamál. Ef fjórfrelsið og þar með rétturinn til að stofna fyrirtæki hvar sem er á EES-svæðinu á ekki við um fiskeldi eiga norskir fjárfestar allt sitt undir því að þeim sé mætt af velvilja og tilhliðrunarsemi yfirvalda í því landi sem þeir vilja athafna sig í. Þeir geta þá ekki vísað til samningsbundinna réttinda þegar þeir vilja setja upp starfsstöðvar erlendis. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur tekið skýra afstöðu þegar gera á upp á milli fjórfrelsisins og Viðauka 9. Fjórfrelsið á við um matvæli úr sjávarfangi óháð því hvað stendur í Viðauka 9. Ég hef á tilfinningu um að íslenskar útgerðir hafi fjárfest erlendis í krafti þeirra réttinda sem þær telji að séu tryggð með EES-samningnum. Rétt er að undirstrika að EFTA-dómstóllinn hefur ekki tekið afstöðu til þessa réttarfarsatriðis en það væri áhugavert að vita hver afstaða opinberra aðila á Íslandi er með tilliti til gildissviðs fjórfrelsisins annars vegar og Viðauka 9 hins vegar.

## 7. Skýring á framsækinni þróun á Íslandi og stöðnun í Noregi?

Kannski má skýra ólíka þróun sjávarútvegs á Íslandi annars vegar og Noregi hins vegar með þeirri sérnorsku reglu að til að eiga veiðiskip þurfi eigandinn að vera starfandi sjómaður. „Skipper-owner“ hugtakið hefur ávallt kallað fram miklar tilfinningar í Noregi. En er þessi krafa um að eigandinn stjórn skútunni í bókstaflegum skilningi heppileg með hliðsjón af þeim vandamálum sem útgerðar-fyrirtæki nútímans standa frammi fyrir? Hefur þetta fyrirkomulag orðið til þess að hindra norskar útgerðir í að nýta þekkingu sína með því að taka þátt í veiðum og útgerð erlendis? Víst er að þessi regla hindrar dugmikið og metnaðarfullt fólk sem ekki er alið upp í greininni í að koma inn með ferska strauma. Á Íslandi er ekki krafa um að aðeins starfandi sjómenn megi eiga veiðiskip. Reyndar er sú krafa ekki við lýði víða. Kannski verður þessi regla eitt af því sem ný ríkisstjórn í Noregi skoðar og breytir. Ég spyr í titlinum hvort norskur sjávarútvegur sé að staðna. Rétt er að mikið er byggt af nýjum fiskiskipum í Noregi. Mörg útgerðar-fyrirtæki sýna afbragðsaflkomu, sérstaklega fyrirtæki í síldar-útgerð. Viðskiljum okkur bestu samveðiþjóð heims en kannski erum við bara best samanborið við okkur sjálf! Við erum varla til stadar á hinu alþjóðlega úthafi útgerðar og sjávarútvegs.



### UM HÖFUNDINN

Torben Foss er lögfræðingur að mennt. Hann hefur starfað sem ráðuneytisstjóri á sjávarútvegsráðuneytinu og sem sendifulltrúi norskra stjórnvalda í Brussel með sjávarútvegs-mál sem höfuðviðfangsefni (Norsk fiskeriráð). Foss stjórnar nú Sjávarfangssetri PwC í Bergen (PwC Seafood Industry Center). Skoðanir sem settar eru fram í greininni eru frá ábyrgð höfundarins og ber ekki að líta á þær sem skoðanir PwC. Þórólfur Matthíasson þýddi úr ensku. Greinin er rindi á fundi Norsk-Íslenska verslunarráðsins í Ósló 14. nóvember 2013.

# Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



**Sendu sms-ið barn  
í númerið 1900**

til að styrkja neyðarstarf UNICEF um 1.900 krónur

**Söfnunarreikningur**

701-26-102040  
kt. 481203-2950

